

Viðskiptaáætlun

Þríhnúkar

Ævintýri í undirheimum eldstöðvar

Stofnun og rekstur fyrirtækja

Vor 2004

Hópur 8



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

::Trúnaður

Viðskiptaáætlun þessi er unnin af eftirfarandi nemendum í Háskólanum í Reykjavík og er eign þeirra: Edda María Hagalín, Guðný Gréta Guðnadóttir, Hrafnhildur Á. Svanlaugsdóttir, Pétur Sævald Hilmarsson, Sonja Bjarnadóttir og Steinar Páll Magnússon.

Þessa viðskiptaáætlun skal meðhöndla sem trúnaðarmál og þarf samþykki eigenda fyrir dreifingu á henni.

::Formáli

Viðskiptaáætlun þessi er afrakstur vinnu sex nemenda í námskeiðinu Stofnun og Rekstur fyrirtækja í Háskólanum í Reykjavík vorið 2004. Grein Árna B. Stefánssonar í Morgunblaðinu þann 4. janúar 2004 var kveikjan að viðskiptahugmyndinni. Hópurinn vill þakka honum sérstaklega fyrir að veita okkur enn meiri innsýn í hugmyndina.

Von okkar er að þessi viðskiptaáætlun muni leggja grunn að því að Þríhnúkar verði gerðir aðgengilegir almenningi og komist á kort yfir einn merkasta ferðamannastað Íslands.

Hópur 8:

Edda María Hagalín
Guðný Gréta Guðnadóttir
Hrafnhildur Á. Svanlaugsdóttir
Pétur Sævald Hilmarsson
Steinar Páll Magnússon
Sonja Bjarnadóttir

Kennarar:

Loftur Ólafsson
Lilja Dóra Jónsdóttir
Ólafur Ísleifsson
Þór Clausen

Leiðbeinandi:

Þór Clausen

Edda María Hagalín

Guðný Gréta Guðnadóttir

Hrafnhildur Á. Svanlaugsdóttir

Pétur Sævald Hilmarsson

Sonja Bjarnadóttir

Steinar Páll Magnússon

::Efnisyfirlit

::Formáli	3
::Efnisyfirlit	5
::Viðskiptahugmyndin	10
Höfundur hugmynda	10
Aðkoma Sveitarfélaga	11
::Svæðið	11
Lýsing á svæðinu	12
Þríhnúkagígur	12
Suðurland	14
::Fyrirtækið	15
Fyrirtækjaform	15
Stjórn félagsins	15
Viðskiptaáætlun	15
Leyfi	15
Tilgangur	16
Markmið	16
:: Starfsemi	17
Lýsing á þjónustunni	17
::Markaðsgreining	18
Markhópur	18
Stærð markaðarins	18
Eðli markaðarins og hegðun viðskiptavina	19
Vöxtur og þróun markaðar	19
Markaðsrannsókn	20
Hindranir	20
Samkeppnisaðilar	21
Samstarfsaðilar	23
::Markaðssetning og sala	23
Markaðsstefna	23
Verðlagning	24
Dreifing	24
Kynningar- og auglýsingamál	25

Heimasíðan	26
::Áhættumat.....	27
Áhættuþættir í rekstri fyrirtækisins	27
::SVÓT greining	28
::Starfsfólk og skipulag	32
Starfsmannastefna.....	32
Hæfisskilyrði starfsmanna	32
Vaktafyrirkomulag	32
Skipulag starfsmanna.....	33
Launamál starfsmanna	33
::Framkvæmdaráætlun	34
Verndun svæðisins.....	34
Framkvæmdalýsing	34
Aðgengi og frágangur á yfirborði.....	36
::Rekstrar- og fjárhagsáætlun	37
Stofnkostnaður	37
Áætlaður efnahagsreikningur.....	39
Áætlaður Rekstrarreikningur	40
Sjóðstreymisáætlun	41
::Fjármögnun	42
Fjármögnun Þríhnúka	42
Hlutafélag	42
Lán	42
Hugleiðing um styrki	43
::Framtíðarsýn	43
Ljósaspil	43
Minjagripasala	43
Viðbótar framkvæmdir.....	44
Myndlistasýningar	44
Tónlistarsalur	44
Sig.....	45
Umhverfið.....	45
Útsýnið.....	45
::Lokaorð.....	46

::Heimildaskrá.....	47
::Lagaskrá	49
::Myndaskrá	50
::Viðmælendaskrá	51

::Samantekt

Þríhnúkagígur er einstætt náttúruundur og á engan sinn líkan í heiminum, en hann hefur verið flestum hulinn í rúm 1000 ár. Gígurinn er 150.000 rúmmetra goshvelfing með lofthæð allt að 200 metrar. Í þessari viðskiptaáætlun er reifuð sú hugmynd Árna B. Stefánsson að opna gíginn almenningi og gera hann að einum vinsælasta ferðamannastað á Íslandi.

Til að gera gíginn aðgengilegan þarf að leggja 4 km veg frá skíðasvæðinu í Bláfjöllum að Þríhnúkum. Við gíginn verður byggður 600 m² skáli og er hugmyndin að byggja hann þannig að útsýni verði yfir Reykjavíkursvæðið. Úr skálanum er gengið niður 200 m löng jarðgöng inn í gíginn þar sem við tekur 100 m² útsýnispallur þar sem gestir geta virt fyrir sér dýrð eldstöðvarinnar því magnaðir veggir hennar verða lýstir upp.

Markaðurinn er háður ferðamönnum og eru því erlendir ferðamenn stærsti markhópur fyrirtækisins. Ísland er markaðsett sem land elds og ísa og er enginn vafi á að áhugavert yrði að heimsækja eldstöð sem á sér enga líka í heiminum. Yrði þríhnúkagígur því vafalaust vinsæll ferðamannastaður. Tölurnar sem stuðst er við í skýrslu þessari eru frá Ferðamálaráði Íslands nema annað sé tekið fram. Samkvæmt þeim fer erlendum ferðamönnum sífellt fjölgandi og er sérstæð náttúra landsins aðdráttaraflið.


Fjárhagslega er þetta góð fjárfesting sem fjármögnuð verður með lánum sem greidd verða upp á 10 árum auk hlutafjár sem boðið verður út. Fjárfestingin borgar sig upp í upphafi þriðja rekstrarárs og er arðbær strax á fyrsta ári.

Þríhnúkagígur býður upp á ýmsa möguleika í framtíðinni sem aukið geta aðsókn í hellinn, s.s. tónleikasal þar sem gígurinn myndar salinn.

- Áætlunin gerir ráð fyrir starfsemi á árunum 2005 – 2008.
- Stofnkostnaður er samtals 362.735.000 kr.
- Minnstu tekjur á þessu tímabili eru 1.037.218.000 kr. en þær mestu 1.182.878.000 kr.
- Áætluð gjöld á þessu tímabili eru 157.542.000 kr.
- Fullnýtt afkastageta gígsins er 250.000 gestir á ári.
- Markmið félagsins er að fá 35% Íslendinga á fyrsta ári til að heimsækja gíginn, 20% á öðru ári, en 5% á ári eftir það. Hins vegar er það markmið að aukning verði í hlutfalli erlendra ferðamanna sem heimsækja gíginn, eða um 30% fyrsta árið, 40% annað árið og 50% á því þriðja og er þá fullnýtt afkastageta.
- Standist þessi markmið mun hagnaður á þessu tímabili verða 731.622.000 kr.
- Verði 10% minni ferðamannafjöldi á tímabilinu mun hagnaður verða 639.744.000.

::Viðskiptahugmyndin

Viðskiptahugmyndin er að virkja náttúruperluna Þríhnúka, stærstu þekktu hraunhvelfingu jarðar, sem staðsett er 4 km norðvestan skíðasvæðisins í Bláfjöllum, 20 km suðaustan við Reykjavík, og gera hana að einum vinsælasta ferðamannastað Íslands með því að gera hana aðgengilega almenningi. Úr móttökuskála yrðu gerð jarðgöng inn í hellinn þar sem við tæki útsýnispallur, og magnaðir veggir hellisins lýstir upp. Aðstaða til veitingasölu verður leigð út.



HÖFUNDUR HUGMYNDAR

Árni B. Stefánsson, augnlæknir og hellakönnuður, hefur kannað gíginn hvað mest auk þess að fjalla um hann, bæði í tímariti Hellarannsóknarfélagsins, Surti (1991) og í tímariti Hins íslenska náttúrufræðifélags, Náttúrufræðingnum (1992). Árni birti nú síðast grein í Morgunblaðinu þann 4. janúar s.l. þar sem hann birti hugmynd sína um að gíghvelfingin gæti orðið einn vinsælasti ferðamannastaður landsins og lagði til að gerður yrði útsýnispallur í hraunhvelfingu Þríhnúkagígs. Árni hefur sigið þrisvar sinnum niður í hellinn og staðið að miklum rannsóknum og kynningum með það að markmiði að fá styrk til að framkvæma frumathugun á staðnum og í framhaldi af því að fá hellinn gerðan aðgengilegan almenningi. Árni hefur haldið tvær sýningar um verndun og aðgengi Þríhnúkagígs þar sem til sýnis voru myndir og líkan af hellinum. Fyrsta sýningin var opnuð í Höfuðborgarstofu 20. febrúar s.l. og stóð til 31. mars og sú síðari opnaði 2. maí s.l. í Náttúrufræðistofu Kópavogs og stendur til 2. september 2004.

AÐKOMA SVEITARFÉLAGA

13. janúar 2004 var samþykkt á fundi Borgarráðs að fela Höfuðborgarstofu að leita eftir samstarfi við nágrannasveitarfélögin og Bláfjallanefnd um að kannaðir verði möguleikar á því að gera Þríhnúkagíg aðgengilegan almenningi. Einnig að efnt verði til samráðs við hagsmunaaðila, ráðuneyti ferða- og umhverfismála, náttúruverndarsamtök, aðila í ferðaþjónustu, fyrirtæki og einstaklinga.¹ Höfuðborgarstofa vinnur nú að verkefninu í samstarfi við Árna B. Stefánsson.

Borgarráð telur fulla ástæðu til þess að kanna möguleika á samstarfi opinberra aðila og einkaaðila með það í huga að greiða götu almennings, Íslendinga sem erlendra ferðamanna, að ósnortnu náttúruundri sem Þríhnúkagíg og tryggja jafnframt verndun gígsins. Er þar um sameiginlega hagsmuni manns og náttúru að ræða, og brýnt að leitað verði leiða sem skilað gætu verðmætum um leið og standa verður vörð um náttúruleg auðæfi sem óbætanleg eru.²

Þá skal athuga að Þríhnúkar eru innan lögsögu Kópavogsbæjar. Margrét Björnsdóttir formaður Umhverfissráðs þar í bæ vill að Kópavogur hafi ákveðna forystu um málið. Sótt hefur verið um lóð enda þarf að breyta aðalskipulagi bæjarins fáist leyfi fyrir framkvæmdunum og er það mál í vinnslu.

::Svæðið

Sérstaða Íslands er annars vegar samspil elds og íss og hins vegar samspil náttúru, sögu og menningar. Stórbrotin og fjölbreytt náttúrufergurð er það sem laðar ferðamenn til Íslands. Þar sem landið er þekkt fyrir eldfjöll ætti sú forna eldstöð sem Þríhnúkar geyma að vekja athygli og áhuga ferðamanna á ferð um Ísland.

¹ Höfuðborgarstofa er ný stofnun sem sett var á stofn 2003 og er hlutverk hennar er að vinna að ferða- og markaðsmálum fyrir borgina í heild.

² Sótt 2. maí 2004 af

http://www.rvk.is/news.asp?cat_id=17&module_id=220&element_id=3944

LÝSING Á SVÆÐINU

Þríhnúkagígar eru hluti af hinu svokallaða Brennisteinsfjallakerfi á Reykjaneskaga sem nær frá Krýsuvíkurbjargi og Eldborg undir Geitahlíð norður fyrir Bláfjöll. Sjálfur Reykjanesfjallgarðurinn er afar merkilegur því að hann hvílir á sjálfu virka gosbeltinu sem er hluti af hinum mikla Atlantshafshrygg sem liggur þvert undir Ísland. Þríhnúkar standa á hálandisbrúninni, 4 km norðvestan skíðasvæðisins í Bláfjöllum. Þríhnúkagígar eru, eins og nafnið gefur til kynna, þrjár gígar úr Bláfjallaeldum og er talið að þeir séu um 1.000 ára gamlir. Þó eru þeir mjög ungir miðað við sjálft Brennisteinsfjallakerfið sem er á bilinu 7.000 – 9.000 ára.³



Norðaustasti þríhnúkurinn er 36 m há gjallkeila í 550 m hæð yfir sjávarmáli, 20 km suðaustan Reykjavíkur. Hann er talinn hafa gosið um landnám. Í toppi keilunnar er op. Þar undir er feikna mikill gígketill og gosrásir sem kallað hefur verið þríhnúkagígur eða svartholið.

Northwest Black Hole / The Three Peaks


ÞRÍHNÚKAGÍGUR

Þríhnúkagígur er í raun tórneldstöð. Þegar gosi lauk hefur hraunkvikan sigið niður, jafnvel alla leið niður í sjálft kvikuhólfíð, og eldgígurinn tæmst. Það sem gerir þessar gosrásir og gígketil svo merkileg er að undir venjulegum kringumstæðum þegar hraunið sigur niður úr gígkatlinum og niður gosrásirnar eftir gos þá fellur gígurinn yfirleitt saman vegna þrýstings. En þessi gígur hefur tæmst án þess að hafa fallið

³ Ari Trausti Guðmundsson, 2001, bls. 231-233


saman sem gerir hann einstakan og ekki spillir fyrir að þetta er stærsti gíghellir sinnar tegundar sem fundist hefur í heiminum.

Gígurinn opnast efst á Þríhnúkum og er opið um 4 m breitt. Lóðlína til botns í hellisrýminu er 121 m en þar er 65 m langur og 48 m breiður botnflötur. Frá 60 m dýpi og niður er feikna mikill ketill sem er um 150.000 rúmmetrar að




stærð. Göng liggja frá hellisrýminu, 115 m löng, heildardýpt gígrásanna er því um 204 m frá yfirborði sem gerir gíghellinn stærstan í heimi.

Þríhnúkar eru innan Bláfjallafólkvangs og til hans var stofnað með friðlýsingu árið 1973, en fólkvangar eru ein tegund náttúruverndarsvæða. Bláfjallanefnd fer með stjórn fólkvangsins en alls 13 sveitarfélög á suðvesturhorni landsins eiga aðild að rekstri fólkvangsins. Sjálfur Þríhnúkagígurinn er í lögsögu Kópavogs. Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn náttúruverndarmála en Umhverfisstofnun fer með framkvæmd laganna. Leyfi Umhverfisstofnunar þarf til framkvæmda þar sem hætta er á að spillt verði friðlýstum náttúruminum. Eitt vinsælasta skíðasvæði landsins, Bláfjöll, eru staðsett 4 km frá Þríhnúkum og eru innan sama fólkvangs. Þar hafa verið fengin leyfi Umhverfisstofnunar til ýmissa framkvæmda, m.a. til að byggja skála og setja skíðalyftur. Þar af leiðandi eru meiri líkur á að leyfi fái til framkvæmda við Þríhnúka.



SUÐURLAND

Príhnúkagígur eru staðsettur á Bláfjallasvæðinu og nýtur nálægðar sinnar við höfuðborgarsvæðið og Keflavíkurlugvöll. Tæplega 90% ferðamanna sem komu hingað til lands árið 2001 ferðuðust um Suðurlandið og fer ferðamönnum fjölgandi ár



frá ári. Annar kostur er að mjög láglent er á þessu svæði og því greiðfært á öllum árstímum.

Margir vinsælir ferðamannastaðir eru á Suðurlandinu og tengir svæðið í eina heild. Hægt er að velja um rútuferðir með leiðsögn á merkustu staðina, eða fara þangað á eigin vegum. Kostur er að ferðamenn geta heimsótt nokkra staði á einum degi vegna þess á hve afmörkuðu svæði þeir í raun eru. Mögulegt er að tengja ferðir í Príhnúkagíg við ferðir á aðra ferðamannastaði og bæta þeim inn í hverskonar pakkaferðir sem skipulagðar eru fyrir ferðamenn. Meðal vinsælla ferðamannasvæða á Suðurlandinu eru Gullfoss og Geysir, Bláa Lónið, Þingvellir, Háifoss, Seljalandsfoss, Skógarfoss, og Hekla sem er eitt kunnasta eldfjall heimsins.

Loks má einnig nefna að Suðurland er vettvangur margra frægustu atburða Íslandssagnanna, t.d. gerist meginþorri Njálssögu þar. Nokkur söfn eru staðsett á svæðinu og er einnig mikið lagt upp úr ýmis konar afþreyingu s.s golfi, gönguferðum með leiðsögn, hestaferðum o.m.fl.⁴

⁴ Sótt 26. apríl 2004 af

[http://um.margmidlun.is/um/ferdamalarad/vefsidur.nsf/\\$filesX/PDF_skrar_audlindin_e.pdf/file_s/audlindin_e.pdf](http://um.margmidlun.is/um/ferdamalarad/vefsidur.nsf/$filesX/PDF_skrar_audlindin_e.pdf/file_s/audlindin_e.pdf)

::Fyrirtækið

FYRIRTÆKJAFORM

Fyrirtækið er hlutafélag. Nafn þess er Þríhnúkar hf.

Hlutafélag er fyrirtækjaform sem býður upp á möguleika á umfangsmikilli fjársöfnun til áhættusams atvinnurekstrar og hentar því vel framkvæmd og starfsemi Þríhnúka hf. Kosin er stjórn samkvæmt samþykktum félagsins sem stjórnar rekstrinum og tekur ákvarðanir fyrir fyrirtækið.⁵

STJÓRN FÉLAGSINS

Í stjórn Þríhnúka hf. sitja Einar K. Stefánsson, formaður, Árni B. Stefánsson og Björn Ólafsson. Framkvæmdastjóri er Árni B. Stefánsson.

VIÐSKIPTAÁÆTLUN

Félagið hefur fengið eftirtalda aðila til liðs við sig til gerðar viðskiptaáætlunar og ráðgjafar: Eddu Maríu Hagalín, Guðnýju Grétu Guðnadóttur, Hrafnhildi Á. Svanlaugsdóttur, Pétur Sævald Hilmarsson, Steinar Pál Magnússon og Sonju Bjarnadóttur.

LEYFI

Afla þarf ýmissa leyfa fyrir framkvæmdir auk skráningar í Hlutafélagaskrá.

LEYFI UMHVERFISSTOFNUNAR

Þar sem Þríhnúkar eru innan fólkvangs eru framkvæmdirnar háðar leyfi Umhverfisstofnunar. Þegar framkvæmdir hafa verið skilgreindar eru þær tilkynntar til Skipulagsstofnunar sem athugar hvort framkvæmdin sé háð mati á umhverfisáhrifum. Umsókn um leyfi Umhverfisstofnunar er send í kjölfar niðurstöðu Skipulagsstofnunar um matsskyldu. Nú þegar hefur Árni B. Stefánsson haldið samráðs- og kynningarfund með forstöðufólki Umhverfisstofnunar.

⁵ Stofngögn hlutafélagsins má finna í Viðauka 2.

FRAMKVÆMDALEYFI

Framkvæmdaleyfi er grundvallað á aðal- og deiliskipulagi og niðurstöðu Skipulagsstofnunar um matskyldu. Þríhnúkar eru innan lögsögu Kópavogs þó svo að 13 sveitarfélög komi að rekstri fólkvangshins. Breyta þarf aðalskipulagi Kópavogs í samræmi við áform um Þríhnúkagíg og er það á ábyrgð sveitarfélagsins.

STARFSLEYFI HEILBRIGÐISNEFNDAR

Starfsleyfi heilbrigðisnefndar þarf fyrir atvinnurekstur og skal slíkt leyfi aðeins veitt fyrir slíkri framkvæmd að tryggt sé að grunnvatn mengist ekki. Þar sem svæðið er innan lögsögu Kópavogs skal leita til heilbrigðisnefndar Hafnafjarðar- og Kópavogssvæðis sem starfar samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.⁶

TILGANGUR

Tilgangur félagsins samkvæmt tilkynningu til Hlutaafélagaskrár er afþreyingarþjónusta á sviði ferðamála með því að gera gíginn aðgengilegan almenningi.

MARKMIÐ

LANGTÍMAMARKMIÐ

Markmiðið er að sameina hagsmuni manns og náttúru með því að skapa verðmæti um leið og gígurinn er varðveittur. Markmið Þríhnúka er að auka þekkingu og áhuga almennings innanlands sem erlendis á hellinum og auka enn ferðamannastraum til Íslands. Meginmarkmiðið er að vera einn af vinsælustu ferðamannastöðum hér á landi. Þríhnúkagígur verði einn af þeim ferðamannastöðum sem ferðamenn verði að sjá þegar þeir heimsækja Ísland, einkonar tákn eldfjalla á Íslandi.

Framtíðarmarkmið er að auka afkastagetu, þ.e. fjölda ferðamanna í gíginn með því að ákveðið rennsli verði í gegnum í gíginn og verður það gert með því að setja göng út á öðrum stað.⁷

SKAMMTÍMAMARKMIÐ

Skammtíamarkmið er að valda sem minnstu sýnilegu jarðraski við framkvæmdir.

⁶ Sjá heimasíðu bnefndarinnar: www.heilbrigdiseftirlit.is. Sjá einnig starfsleyfisumsókn í Viðauka 2.

⁷ Hugmynd um þetta má sjá í kafla um framtíðarsýn.

Framkvæmdir munu taka um 13 mánuði og hefjast 1. apríl og 1. júní árið eftir myndi staðurinn opna fyrir ferðamönnum.

REKSTRARMARKMIÐ

Rekstrarmarkmið fyrsta árið er að fá 35% Íslendinga til að heimsækja gíginn, 20% annað árið og 5% á ári eftir það. Þá er markmið að fá um 30% erlendra gesta sem koma til landsins á fyrsta árinu. Á öðru ári myndu koma um 40% þeirra, 50% þriðja ári og um 45% á fjórða ári⁸. Jafnvægi verði komið á markaðinn á fjórða ári, enda fullnýtt afkastageta Þríhnúkagígs, eða 250.000 gestir á ári. Langtímamarkmið er því að sá fjöldi heimsæki hellinn árlega.⁹

:: Starfsemi

Fyrirtækið býður upp á hellaskoðun í Þríhnúkagíg sem er einstök upplifun sköpuð af náttúrunni. Þetta er afþreyingarþjónusta á sviði ferðamála þar sem viðskiptavinurinn eignast ekki beint vöru af viðskiptunum heldur upplifun og afþreyingu. *Lög um skipulag ferðamála nr. 117/1994* gilda um slíka þjónustu.

LÝSING Á ÞJÓNUSTUNNI

Viðskiptavinurinn leitar eftir tilbreytingu, einhverju nýju og spennandi til að skoða í náttúrunni. Með því að heimsækja undirheimana í Þríhnúkum upplifir hann magnaða náttúruna á nýjan hátt þar sem hellirinn á sér engan líkan á jörðinni.

Þríhnúkagígur verður aðgengilegur frá skíðasvæðinu í Bláfjöllum og mun vegur liggja að honum þaðan. Starfsmenn Þríhnúka munu hafa mikla reynslu af hellum og svæðinu og munu því veita ferðamönnum mikið öryggi og góða þjónustu þegar farið verður um svæðið og niður í gíginn.

Þegar komið er á staðinn er hægt að leggja bílum og rútum á bílastæði austanmegin við gíginn. Þaðan liggur göngustígur í móttökuskálann, Þríhnúkaskála, sem verður fræðslusetur Þríhnúkagígs. Þar verður veitingasala og í framtíðinni verður þar minjagripasala. Þríhnúkaskáli er staðsettur norðvestan megin við gíginn með útsýni yfir Reykjavíkursvæðið. Þaðan er gengið um jarðgöng inn í gíginn þar sem við tekur útsýnipallur og gestir geta virt dýrð Þríhnúkagígs fyrir sér.

⁸ Hér lækkar prósentan því á móti kemur aukning erlendra ferðamanna til landsins.

⁹ Sjá kaflann um Markaðsgreiningu bls. 16.

::Markaðsgreining

MARKHÓPUR


Þríhnúkar er ferðamannastaður og höfðar því til allra þeirra sem ferðast um Ísland. Markhópur fyrirtækisins eru því ferðamenn bæði íslenskir og erlendir sem hafa áhuga á að skoða náttúruna á Íslandi eða vilja upplifa eitthvað nýtt og sérstakt. Hópurinn sem fyrirtækið stefnir á að höfða til og mun vera meirihluti okkar viðskiptavina eru erlendir ferðamenn sem eru komnir til landsins til að kynna sérstæðri náttúru og menningu.

STÆRÐ MARKAÐARINS

Ár hvert fara um 300 þúsund manns um Suðurland, bæði íslenskir og erlendir ferðamenn. Hins vegar geta Þríhnúkar einungis tekið við takmörkuðum fjölda á ári eða 250.000 manns. Markaður Þríhnúka skiptist í tvo hópa, Íslendinga og erlenda ferðamenn.

ERLENDIR FERÐAMENN

Á árinu 2003 komu 320.000 ferðmenn til landsins. Á þessu ári, 2004, er gert ráð fyrir 10% fjölgun ferðamanna frá árinu áður og eru það um 360.000 manns. Spáð er áframhaldandi 10% fjölgun á ári. Samkvæmt könnun Ferðamálaráðs sumarið 2001 heimsóttu um 89%



erlendra ferðamanna staði á Suðurlandi á ferð sinni um Ísland. Hlutfall ferðamanna sem fara í Bláa Lónið árlega er 70% erlendra gesta.

ÍSLENDINGAR


Á Suðurlandi er mikill fjöldi sumar- og orlofshúsa og fer því mikill fjöldi Íslendinga þangað og dvelur yfir sumartímann eða 45% þeirra. Það er því vænlegur markhópur sem kaupir mikla þjónustu en 65% af þeim sem gistu á Suðurlandi fóru í gönguferð eða fjallgöngu. Samkvæmt könnun Gallups sem gerð var í desember 2003 eru 50%

sumarhúsa landsins staðsett á Suðurlandi og greiddu 37% sumarhúsagesta fyrir afþreyingu í nágrenni sumarbústaðarins. Af þeim sem ferðuðust um Suðurland fóru 65% í gönguferð eða fjallgöngu og 54% í náttúruskoðun. Íslendingar voru samtals 290.570 í desember 2003 samkvæmt tölum Hagstofunnar.

EÐLI MARKAÐARINS OG HEGÐUN VIÐSKIPTAVINA

Eðli markaðarins er tengt ferðamönnum og þá aðallega erlendum ferðamönnum. Flestir ferðast yfir sumartímann og er markaðurinn því einnig háður árstíðum. Erlendir ferðamenn eru hér tímabundið og geta auk þess verið háðir fjármagni. Þá gætu þeir þurft að velja á milli

staða til að heimsækja. Veður getur einnig haft áhrif, þó svo að vegurinn að Þríhnúkum sé fær nánast allt árið í kring.




VÖXTUR OG ÞRÓUN MARKAÐAR

Erlendum ferðamönnum fjölgaði um 9% á ári á tímabilinu 1991-2000. Á árunum 2001-2002 var lægð í ferðamannaiðnaðinum sem rekja má til hryðjuverkanna 11. sept. 2001 og hafði það lamandi áhrif á ferðamannaiðnaðinn alls staðar

í heiminum. Þó fer hann nú aftur ört vaxandi og gert er ráð fyrir 10% fjölgun ferðamanna á Íslandi á þessu ári.

Meirihluti markhópsins eru erlendir ferðamenn og er framtíðarmarkmið fyrirtækisins að 45% þeirra sem koma til landsins á ári heimsæki gíginn. Þetta myndi þó gerast í ákveðnum þrepum og er gert ráð fyrir að það taki 4 ár að ná þessu markmiði. Búist er við 35% Íslendinga heimsæki gíginn fyrsta árið, 20% árið þar á eftir og svo 5% á



ári eftir það. Það myndi gera 250.000 ferðamenn á ári m.v. 10% fjölgun ferðamanna á ári næstu 5 árin.

MARKAÐSRANNSÓKN

Gerð var könnun á meðal nemenda Háskólans í Reykjavík og kannaður áhugi þeirra á gígnum og þjónustu í kringum hann. Viðbrögð voru í heildina séð mjög góð en 419 manns svöruðu könnuninni sem send var á netinu. Flestir voru á aldrinum 20-25 ára. Niðurstöðurnar voru mjög jákvæðar og voru þær lagðar til grundvallar markaðsgreiningar og þróun hugmyndarinnar. Það kom á óvart að um 35% höfðu vitneskju um gíginn og 83% höfðu áhuga á að heimsækja hellinn.

Á sýningu sinni í Höfuðborgarstofu setti Árni B. Stefánsson fram könnun fyrir gesti sýningarinnar. Þar fengust einnig jákvæð viðbrögð.¹⁰

HINDRANIR

Ýmsar hindranir geta komið fram og haft áhrif á framkvæmd verkefnisins t.d. þannig að ekki reynist unnt að opna hellinn eða framkvæmdum seinkar. Mikilvægt er að þekkja þessar hindranir þar sem þær geta haft mikil áhrif á rekstur félagsins.

NÁTTÚRUVERNÐARSINNAR¹¹

Náttúruverndarsinnar gætu haft skoðanir á þessum framkvæmdum og mótmælt þeim. Slíkt er ekki algengt hér á landi þó að upp geti komið sú staða við miklar framkvæmdir. Sem dæmi um það eru framkvæmdirnar við Kárahnjúka en þeim hefur verið mótmælt harðlega af slíkum hagsmunahópum. Þar sem Þríhnúkar hf. stefna að því að valda sem minnstri spillingu og röskun á náttúrunni þá er ekki búist við að hætta á almennum mótmælum sé fyrir hendi. Auk þess er eitt af markmiðum Þríhnúka hf. að varðveita gíginn og umhverfi hans.

PÓLÍTÍSK ÁHRIF

Ýmsir opinberir aðilar geta verið mótfallnir framkvæmdunum við Þríhnúka. Möguleiki væri á lagasetningu sem myndi hindra framkvæmdir Þríhnúka hf. Borgarráð hefur

¹⁰ Niðurstöður kannananna er að finna undir Viðauka 3.

¹¹ Á Íslandi eru starfandi Náttúruverndarsamtök Íslands en það eru frjáls félagasamtök um náttúruvernd á Íslandi og markmið þeirra er að vera málsvari umhverfis- og náttúruverndarsjónarmiða. Samtökin ná meðal annars fram markmiðum sínum með því að veita stjórnvöldum aðhald.

hins vegar samþykkt að rannsaka betur möguleikann á því að gera Þríhnúkagíg að ferðamannastað og minnkar þá hættan á pólitískum áhrifum. Svæðið er fólkvangur sem sett lög Alþingis ná yfir. Landið er innan lögsögu Kópavogs en skíðasvæðið og fólkvangurinn eru í sameiginlegum rekstri sveitarfélaganna í kring. Sveitarfélögin geta þannig haft áhrif á gang mála enda starfsemin m.a. háð starfsleyfi heilbrigðisnefndar Kópavogs- og Hafnarfjarðarsvæðis.

MÓÐIR NÁTTÚRA

Móðir náttúra er óútreiknanleg og hefur afl sem enginn ræður við. Kraftur hennar er magnþrunginn en gott dæmi þess er einmitt Þríhnúkagígur og getur lagt gíginn í rúst með jarðskjálftum eða eldgosum. Þetta er ógn sem erfitt er að sjá fyrir og ráða við. Eldgos gera þó oftast boð á undan sér, t.d. með jarðskjálftum. Síðasta gos á Íslandi var í Heklu árið 2000 sem er einnig á Brennisteinsfjallakerfi líkt og Þríhnúkar. Hins vegar hefur ekki gosið nálægt Þríhnúkum í margar aldir og hellirinn staðið í 1000 ár þrátt fyrir mikla jarðskjálfta á svæðinu.

Síðasta gos norri Rjúk og um leið 9. de. sk. g. í Þórnisteinsfjallakerfi var 1389/1390

SAMKEPPNISAÐILAR

Þríhnúkar eru ekki lausir við alla samkeppni því annarskonar afþreyingarfyrirtæki eru að sækjast í sama markhóp. Gríðarleg stærð Þríhnúkahellis gerir hann þó einstakan í sinni röð og mun fyrirtækið vera einstætt í sinni þjónustu til ferðamanna á Íslandi. Þríhnúkar munu bjóða upp á hellaskoðun og upplifun magnaðrar náttúru ásamt fræðslu um eldgos á Íslandi og sögu staðarins. Ekkert sambærilegt afþreyingarfyrirtæki er að finna hér á landi.

Samkeppnisaðilar Þríhnúka skiptast í tvo hópa, annars vegar fyrirtæki sem bjóða upp á hellaskoðun og hins vegar aðrir vinsælir ferðamannastaðir á Íslandi. Athuga verður að þau fyrirtæki sem nefnd verða sem samkeppnisaðilar geta einnig orðið hugsanlegir samstarfsaðilar Þríhnúka í framtíðinni.

I. AÐRIR HELLASKOÐUNARSTAÐIR

Á Íslandi er mikill fjöldi af alls konar hellum en ferðir í þá einkennast af gönguferðum vegna lengdar þeirra. Þanta þarf fyrirfram í þær ferðir ólíkt Þríhnúkum sem hægt er að heimsækja á auglýstum opnunartíma. Á heimasíðu Hellarannsóknarfélags Íslands¹² er að finna upplýsingar um ýmsa hella og hvernig skuli fara að ef fólk vill heimsækja þá enda er almenningi heimil öll för um landið og dvöl þar í lögmætum

¹² Heimasíða félagsins: www.speleo.is

tilgangi skv. 1.mgr. 12.gr. náttúruverndarlaga. Hér verða talin upp helstu fyrirtækin sem bjóða upp á hellaskoðun sem afþreyingu.

Eskimos ehf.

Heimasíða: www.eskimos.is

Eskimos ehf. er fyrirtæki sem býður upp á ýmsa afþreyingu tengda náttúrunni. Þar á meðal hellaskoðanir. Farið er í hella sem eru 100-2.000 metra langir. Hellaskoðanirnar þarf að panta fyrir fram og er fjöldi takmarkaður í hverja ferð. Eskimos ehf. býður upp á hellaskoðanir í Surtshelli, Víðgelmi og Raufarhólshelli.

Ultima Thule



Heimasíða: www.ute.is

Afþreyingarfyrirtæki sem m.a. býður upp á hellaferð í **Leiðarendi** í Tvíbollahrauni. Leiðsögumaður fer með hóp í gegnum hellinn. Fjöldi er takmarkaður og skrá þarf hópa.

II. VINSÆLIR FERÐAMANNASTAÐIR

Þeir ferðamannastaðir sem eru hvað vinsælastir og þekktastir eru Bláa Lónið, Gullfoss og Geysir en 80% erlendra ferðamanna koma hingað til að skoða Íslenska náttúru. Einnig er vinsælt að fara í jöklaferðir og hvalaskoðun. Þessir ferðamannastaðir geta orðið samkeppnisaðilar ef t.d. ferðamenn hafa takmarkaðan tíma eða fjármagn og þurfa að velja á milli staða.



Bláa Lónið hf.

Heimasíða: www.blaalonid.is

Bláa Lónið hefur skapað sér sterka stöðu á ferðamannamarkaðnum og er einn þekktasti ferðamannastaðurinn á Íslandi. Bláa Lónið yrði einn helsti keppinautur Þríhnúka. Bláa Lónið getur þó jafnframt virkað sem góður samstarfsaðili, t.d. með samstarfi um pakkaferðir í framtíðinni.



Gullfoss og Geysir

Heimasíða: www.geysircenter.is

Geysissvæðið í Haukadal er hverasvæði þar sem er að finna einn frægasta goshver á jörðinni, Geysir. Orðið *geyser*, sem finnst í fjöldamörgum tungumálum og er alþjóðlegt vísindaheiti fyrir goshveri, er dregið af nafni Geysis.

Gullfoss er í Hvítá á Suðurlandi og hefur verið talinn einn fegursti foss veraldar. Saman hafa Gullfoss og Geysir sterka stöðu á íslenska ferðamannamarkaðnum. Gullfoss og Geysir eru u.þ.b. 125 km frá Reykjavík.

SAMSTARFSADILAR

Hægt er að vera í samstarfi við ferðaskrifstofur þannig að þær bjóði upp á ferðir í Þríhnúka og eða auglýsi staðinn. Sem dæmi er hugmynd um pakkaferðina „Þríhnúkar – Gullfoss – Geysir“, enda bjóða ýmis fyrirtæki upp á slíkar samsettar pakkaferðir. Hægt væri að setja Þríhnúka t.d. inn í „The Golden Circle“ sem er vinsælasti „skoðunartúrinn“ hjá ferðaskrifstofum fyrir erlenda ferðamenn. Heimsóttir eru Þingvellir, Gullfoss, Geysir, Skálholt og Kerið. Ferðaskrifstofur sem Þríhnúkar hf. stefna á að vera í samstarfi við eru taldar upp í viðauka 4.

::Markaðssetning og sala

MARKAÐSSTEFNA

Markaðsstefna fyrirtækisins byggist á einstakleika hellisins. Markaðsstefna tekur á mörgum veigamiklum atriðum sem geta skipt sköpum fyrir velgengni fyrirtækisins. Þrjú af mikilvægustu atriðunum eru verðlagning, dreifing, og kynningar- og auglýsingamál. Þríhnúkar hafa þá sérstöðu að vera einstakt náttúruundur sem auglýsir sig að stórum hluta sjálf. Nú þegar hefur staðurinn vakið þó nokkra athygli og umfjöllun í kjölfar greinar Árna B. Stefánssonar í Morgunblaðinu 4. janúar s.l. Markaðsstefnan felst einnig í kynningum á hellinum héraendis og erlendis og hefur Árni haldið fyrirlestra um Þríhnúka á sýningum sínum hér á landi.



VERÐLAGNING

Með innheimtu aðgangseyris í hellinn er ætlunin að greiða til baka kostnaðinn við framkvæmdir og að greiða niður lán. Til viðmiðunar var tekin gjaldskrá Bláa Lónsins. Hugsanleg álagning mun þó verða yfir sumartímann ef ásókn er of mikil.

Í könnun Árna B. Stefánssonar kom fram að 92% gesta sýningarinnar í Höfuðborgarstofu voru tilbúnir að greiða aðgangseyri og samkvæmt markaðskönnun sem gerð var meðal nemenda Háskólans í Reykjavík var meirihlutinn, eða um 55%, tilbúinn til að greiða 1200 – 1500 kr.¹³

Með tilliti til markhóps Þríhnúka höfðar sá verðflokkur til þess hóps. Einnig þarf að taka tillit til þess að staðurinn getur einungis borið takmarkaðan fjölda fólks, sem væri um 30.000 manns á ári, og því betra að stýra aðgengi með verðlagningu og leggja aðaláherslu á hátt verð og góða þjónustu, í stað lágs verðs sem byggir á miklum fjölda ferðafólks.

Aðgangseyrir í Þríhnúkagíg er eftirfarandi:

Aðgangseyri:
1.500 kr.

OPNUNARTÍMI

Opnunartími Þríhnúka er sem hér segir:

Opnunartími:		
Vetur:	1. sept. – 30. apríl	kl. 10 – 17
Sumar:	1. maí – 31. ágúst	kl. 9 – 18

DREIFING

Aðal dreifinet fyrirtækisins mun vera í gegnum netmiðla. Einnig er gert ráð fyrir að gígurinn muni kynna sig að mestu sjálfur, enda um einstakt fyrirbæri að ræða sem á eftir að vekja mikla athygli. Samkvæmt tölum Ferðamálaráðs fá erlendir ferðamenn

¹³ Sjá heildarniðurstöður kannanna í viðauka 3.

upplýsingar um Ísland með ýmsum hætti á sumrin, 49% fá þær á ferðaskrifstofum, 47% á vefnum, 42% í bæklingum og ferðabókum og 29% hjá vinum og ættingjum. Því mun dreifikerfi okkar samanstanda af því að ferðaskrifstofur bjóði upp á ferðir í Þríhnúka, auglýsingum í gegnum netið, auglýsingum og umfjöllunum í blöðum og tímaritum og dreifingu bæklinga.

KYNNINGAR- OG AUGLÝSINGAMÁL

- Vefurinn
- Ferðaskrifstofur
- Bæklingar og Ferðahandbækur
- Almenn umfjöllun í fjölmiðlum

VEFURINN

Vefurinn er sá upplýsingamiðill sem fer ört vaxandi. Það er því helsta markaðstól fyrirtækisins. Margir nýta sér vefinn til þess að skoða staði í heiminum sem þeir hafa áhuga á að heimsækja. Vefurinn gefur fyrirtækinu tækifæri til þess að dreifa upplýsingum og þekkingu til sem flestra á hraðan hátt og er því mikilvægt að hafa aðgengilega og góða heimasíðu.

FERÐASKRIFSTOFUR

Mikill hluti erlendra ferðamanna fá upplýsingar um Ísland í gegnum ferðaskrifstofur. Það eitt sér myndi auglýsa staðinn þar sem ferðaskrifstofurnar myndu vera með upplýsingar og myndir á heimasíðum og auk þess myndu liggja þar frammi bæklingar.¹⁴

BÆKLINGAR OG FERÐAHANDBÆKUR

Mikilvægt er að vera með vel upp setta bæklinga eða einblöðunga¹⁵ með upplýsingum og myndum af Þríhnúkum sem myndu liggja frammi á hótelum, ferðaskrifstofum og ýmsum öðrum stöðum, s.s í Kringlunni og Smáralindinni. Einnig er hægt að vera með umfjöllun í handbókum ætluðum erlendum ferðamönnum.

¹⁴ Sjá kaflann um samstarfsaðila.


¹⁵ Í Viðauka 3 má sjá hugmynd af slíkum einblöðungi.

ALMENN UMFJÖLLUN Í FJÖLMIÐLUM

Opnun Príhnúkagígs mun án efa vekja mikla athygli hérlandis og fjallað verður um staðinn í fréttum og öðrum fjölmiðlum. Þetta felur í sér ákveðna dreifingu um vitneskju á tilvist gígsins.

HEIMASÍÐAN

Vefsíða Príhnúka hf., www.trihnukar.is,¹⁶ verður helsti upplýsingamiðill fyrirtækisins. Þar verða allar upplýsingar um verð, veður, staðinn sjálfan, hópferðir, opnunartíma, aðra svipaða gíga, allskonar hella og vinsæla skoðunarstaði á Íslandi, tenglar á aðrar tengdar vefsíður og margt fleira sem viðkemur Príhnúkagíg. Hægt verður að hafa samband við starfsmenn Príhnúka á netfanginu trihnukar@trihnukar.is gegnum heimasíðuna. Síðuna verður hægt að skoða á íslensku og ensku. Fallegar myndir og fræðsluhorn munu prýða síðuna.



¹⁶ Heimasíða Príhnúka er fyrst um sinn: www.nemendur.ru.is/edda03

::Áhættumat

ÁHÆTTUÞÆTTIR Í REKSTRI FYRIRTÆKISINS

Vinnuumhverfið á Þríhnúkum er frekar áhættusamt fyrir starfsmenn og eru ýmsir þættir sem verður að athuga og vinna vel í til að fyrirbyggja alla hættu.

GÍGOPIÐ

Mikil hætta stafar af gígopinum þar sem auðvelt aðgengi er að því og mikil fallhæð. Til að koma í veg fyrir óhöpp verður girt í kringum opið.

GRJÓTHRUN


Hætta er á að grjót falli niður um gígopið. Afleiðing gæti verið sú að fólk fái grjót í höfuðið. Áður en framkvæmdir hefjast verður net sett á botninn til að kanna grjóthrun og meta út frá því áhættu starfsmanna sem og viðskiptavina við því að hljóta skaða af grjóthruni. Gott er athuga að hellirinn hefur staðið í 1000 ár og hefur staðið af sér jarðhræringar þann tíma.

ÚTSÝNISPALLUR

Útsýnispallur sem staðsettur verður inni í hellinum verður undir lokuðum strompi, sem ekki hefur hrunið úr, þannig að ekki er hætta á að grjót falli niður á pallinn. Pallurinn verður vel afgirtur til að koma í veg fyrir að hægt verði með einhverju móti að falla fram af honum.

GJÓTUR


Eins og áður hefur komið fram er umhverfi Þríhnúka þakið hrauni. Í hrauninu geta leynst hættulegar gjótur sem mikilvægt er að varast. Göngustígar verða gerðir um svæðið og fólk beðið að fylgja þeim til að koma í veg fyrir óhöpp af því tagi.



::SVÓT greining

- ◆ Einstakt fyrirbæri
- ◆ Staðsetningin
- ◆ Ísland þekkt fyrir sérstaka náttúru
- ◆ Samþykki Borgarráðs
- ◆ Hellaskoðun er hægt að stunda í öllum veðrum og á öllum árstímum

- ◆ Árstíðabundnar tekjur
- ◆ Óþekktur hellir
- ◆ Takmörkuð afkastageta



- ◆ Hættulegt umhverfi
- ◆ Veðurfar
- ◆ Óvissa með kostnað
- ◆ Áhrifaþættir sem hafa áhrif á ferðamannastraum
- ◆ Samkeppnisaðilar
- ◆ Jarðraskanir illa liðnar
- ◆ Pólítískar hindranir

- ◆ Efnahagsleg staða ferðamanna-
iðnaðarins á Íslandi að styrkjast
- ◆ Ferðamannastraumur fer vaxandi
- ◆ Getur orðið heimsþekktur
ferðamannastaður og aukið enn
meir ferðamannastraum til Íslands
- ◆ Stofnsetning lágfargjalda-
flugfélags
- ◆ Ísland er í tísku
- ◆ Fræðsla á vefnum
- ◆ Samstarfsaðilar
- ◆ Miklir möguleikar á
framfarhugmyndum

STYRKLEIKAR

- ◆ Þríhnúkagígur er einstakur og á sér engan líkan á jörðinni. Hann er samtals 200 metrar á hæð, en það jafnast á við meira en tvöfalda hæð Hallgrímskirkju í Reykjavík. Gígurinn mótaðist eftir eldgos og bera því veggir hans merki um hinn gífurlega kraft móður náttúru. Hann er staðsettur á stærsta hraunsvæði Íslands. Auk þess er enginn hellir á Íslandi sem er lýstur upp þannig að hægt sé að sjá hellinn í heild sinni og upplifa ásýndina eins og Þríhnúkagígur mun bjóða upp á. Þetta allt gerir Þríhnúkagíg einstakan og er það okkar helsti styrkur.
- ◆ Suðurland nýtur tvímælalaust nálægðar sinnar við höfuðborgarsvæðið og Keflavíkurlugvöll. Hellirinn er staðsettur aðeins 20 km suðaustan af Reykjavík og dveljast þar flestir erlendir ferðamenn. Auk þess býr stór hluti Íslendinga á höfuðborgarsvæðinu eða um 60%.¹⁷ Samkvæmt könnun Ferðamálaráðs 2002, Dear Visitor, fóru um 90% erlendra brottfararfarþegar í Leifsstöð sumarið 2001 eitthvað um Suðurland á ferð sinni um Ísland og allur þorri þeirra heimsótti Geysi og Gullfoss. Þetta sýnir í hnotskurn hve þessi landshluti er öflugur með tilliti til ferðapjónustu.¹⁸
- ◆ Ísland er heimsþekkt fyrir sína sérstöku náttúru, sem tengist bæði jöklum og eldfjöllum. Óspillt náttúra Íslands hefur vakið heimsathygli, og er landið þekkt sem land ísa og elda. Um 80% erlendra ferðamanna koma hingað vegna náttúrunnar.
- ◆ Borgarráð hefur nú samþykkt að athuga nánar hugmynd Árna B. Stefánssonar, að gera gíginn aðgengilegan sem ferðamannastað, með því að fela Höfuðborgarstofu að leita eftir samstarfi við nágrannasveitarfélögin og Bláfjallanefnd. Það gefur Þríhnúkum styrk að hafa slíkt samþykki yfirvalda. Auk þessa skal athuga að Þríhnúkar eru innan lögsögu Kópavogsbæjar.
- ◆ Hellaskoðun getur farið fram í öllum veðrum og því á hvaða tíma ársins sem er.

VEIKLEIKAR

- ◆ Tekjur koma inn árstíðabundið þar sem aðsóknin er háð árstíðum. Hátt hlutfall tekna kemur því inn á sumrin. Ójafnt fjárstreymi getur komið sér illa vegna kostnaðar sem greiða þarf jafnt og þétt yfir árið.

¹⁷ Samkvæmt tölum Hagstofu Íslands, tekið saman 31. desember 2003.

¹⁸ Auðlindin Ísland, skýrsla Ferðamálaráðs Íslands 2002, bls. 22.

- ◆ Gígurinn er frekar óþekktur þó svo að grein Árna B. Stefánssonar hafi vakið athygli landsmanna. Þríhnúkagígur er ekki heimsþekktur ferðamannastaður eins og t.d. Bláa Lónið. Því þarf öfluga markaðssetningu til að dreifa þekkingunni um tilvist gígsins sem getur aukið kostnað.
- ◆ Afkastageta Þríhnúkagígs er takmörkuð þar sem talið er að gígurinn geti ekki tekið við fleiri gestum en 30.000 á mánuði þar sem útsýnispallurinn ber ekki fleiri en 70 manns í einu. Þetta er þó aðeins veikleiki til skamms tíma vegna möguleika á því að stækka aðstöðuna og taka á móti fleiri gestum.

ÓGNIR

- ◆ Svæðið í kringum Þríhnúka er stærsta hraunsvæðið á landinu, og gjótur leynast því víða. Þetta skapar ákveðna hættu vegna hugsanlegra meiðsla gesta. Þetta kallar á miklar öryggiskröfur og öryggisbúnað sem getur verið kostnaðarsamt.
- ◆ Veðurfarið á Íslandi er breytilegt enda er Ísland staðsett á miðju Atlantshafi. Mikið rok og stormar geta valdið því að ekki eru vegir færir að Þríhnúkum. Slæmt veður getur haft sálræn áhrif á drifkraft manna. Veðurfar á Íslandi hefur þó batnað með árunum.
- ◆ Jarðlög við gígin hefur ekki verið kannað ítarlega og er ákveðin óvissa fyrir hendi sem getur haft áhrif á framkvæmdarkostnað.
- ◆ Heimsstjórnarmál og heimsviðskipti hafa haft áhrif á samgöngur, t.d. Olíukreppurnar tvær 1973-1975 og 1979-1981, Persaflóastríðið 1990 og hryðjuverkin á Tvíburaturnana 11. september 2001. Allir þessir atburðir annað hvort juku kostnað við flugsamgöngur eða hræddu fólk frá ferðalögum. Þetta er ákveðin ógn sem ekki er hægt að sjá fyrir.
- ◆ Samkeppnisaðilar eru ákveðin ógn þegar kemur að vali ferðamannsins. Margir ferðamannastaðir á Íslandi hafa skapað sér sterka markaðsstöðu og eru heimsþekktir. Þríhnúkar koma nýir inn á markaðinn og það tekur tíma að skapa sér góða markaðsstöðu og á meðan geta aðrir ferðamannastaðir nýtt sér tækifæri sem Þríhnúkar gætu annars verið að nýta sér. Nýir ferðamannastaðir geta einnig verið ógn.
- ◆ Íslendingar eru stoltir af hinni ósnortnu náttúru landsins. Margir eru því ekki hrifnir af því jarðraski sem fylgir slíkum framkvæmdum sem hér um ræðir.

þeir sem eru mótfallnir slíkum framkvæmdum vilja að náttúran fái að standa óröskuð vegna hættu á eyðileggingu.

- ◆ Fjallað er um pólitískar hindranir í kafla um Markaðsgreiningu.

TÆKIFÆRI

- ◆ Fjárhagslegur vöxtur er í ferðamannaíðnaðinum í landinu en ferðarþjónusta er sú atvinnugrein á Íslandi sem er í hvað örustum vexti. Ferðarþjónusta er 4,5% af vergri landsframleiðslu og skila um 13% af gjaldeyrstekjum þjóðarinnar. Tekjur af erlendum gestum árið 2001 voru 37,7 milljarðar sem er um 70% aukning frá árinu 1997.¹⁹
- ◆ Fjöldi ferðamanna til Íslands fjölgaði um 9% milli ára á tímabilinu 1991-2000. Fjölgunin var jafnframt meiri yfir veturinn sem sýnir einnig betri stöðu í sambandi við jafnara fjárstreymi.
- ◆ Þríhnúkar getur orðið mjög vinsæll ferðamannastaður sem gæti orðið heimsþekktur. Þetta gæti haft áhrif á ferðamannastraum til Íslands þar sem Þríhnúkar er einstakt náttúruferðastaður sem laðað gæti að fleiri ferðamenn.
- ◆ Stofnun lágfargjaldaflugfélagsins Iceland Express á Íslandi hefur skapað samkeppni á þeim markaði og opnað tækifæri fyrir erlenda ferðamenn til að fara í styttri ferðir, eða „hoppferðir“ til Íslands enda koma 98% erlendra ferðamanna með flugi. Þetta er tækifæri því það eykur ferðamannastrauminn til landsins og getur fyrirtækið nýtt sér það.
- ◆ Ísland er framandi staður til að heimsækja í augum erlendra ferðamanna og virðist vera „inn“ núna samkvæmt erlendum tímaritum. Samkvæmt skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands nefndu 98% sumargesta og 85% vetrargesta áhuga á íslenskri menningu og náttúru sem áhrifaþátt á ákvörðun um Íslandsferð.
- ◆ Upplýsingar um hellinn á vefnum geta aukið aðsókn, þar sem upplýsingar dreifa sér mjög hratt þar. Vefurinn er þannig nýr upplýsingamiðill sem eykur enn upplýsingaflæðið og opnar þannig tækifæri til að dreifa upplýsingum um Þríhnúkagíg og vinnur þannig jafnframt að því markmiði fyrirtækisins að dreifa þekkingunni um tilvist hellisins.

¹⁹ Tölur samkvæmt Ferðamálaráði Íslands.

- ◆ Samstarf við aðra ferðamannastaði getur skapað ný viðskiptatækifæri fyrir Þríhnúka hf.²⁰
- ◆ Eins og kemur fram í kaflanum um framtíðarsýn eru miklir möguleikar á ýmis konar framkvæmdum í framtíðinni. Þetta gæti aukið afkastagetu Þríhnúka en það er eitt af framtíðarmarkmiðum fyrirtækisins.

::Starfsfólk og skipulag

STARFSMANNASTEFNA

Mikilvægt er að fyllsta öryggis sé gætt við Þríhnúka og þarf starfsfólk því að vera vel vakandi í störfum sínum. Einnig þurfa starfsmenn að sýna gestum lipurð og kurteisi í afgreiðslu og allri umgengni. Ánægja starfsmanna er forsenda fyrir árangursríkum rekstri og því er mikilvægt að gera vel við starfsmenn og munu þeir því fá hlunnindi ásamt launum.

HÆFISSKILYRÐI STARFSMANNA

Nauðsynlegt er að starfsmenn séu kunnir svæðinu og með þekkingu á sviði náttúrufræða. Einnig er skilyrði að starfsmenn svæðisins kunni skyndihjálp og að starfsmenn séu útskrifaðir af ferðamálabraut Háskólans að Hólum eða með sambærilega menntun.

VAKTAFYRIRKOMULAG

Reiknað er með að opnunartíminn verði 63 klst. á viku yfir sumartíma og 49 klst. yfir vetrartímann.

SUMARTÍMI

Opnunartími er frá kl. 9 – 18, alla daga vikunnar, frá 1. maí til 31. ágúst (4 mán.). Á vakt eru 4 starfsmenn sem sinna gæslu ásamt miðasölu. Vaktir eru frá kl. 8:30 – 18:30 (10 klst.). Gert er ráð fyrir fjórum stöðugildum og 8 starfsmönnum. Fjórir starfsmenn eru á vakt daglega. Vaktirnar skiptast svo þannig að starfsmenn vinna í 4 daga og fá svo 4 daga frí á meðan hin vaktin vinnur.

²⁰ Vísað er í kafla um Markaðsgreiningu þar sem fjallað er um samstarfsaðila.

VETRARTÍMI

Opnunartími er frá kl. 10 – 17, alla daga vikunnar, frá 1. sept. til 30. apríl (8 mán.). Vaktir eru frá 9:30 – 17:30 (8 klst.). Gert er ráð fyrir þremur stöðugildum og sex starfsmönnum. Þrír starfsmenn vinna virka daga og hinir þrír vinna um helgar.

SKIPULAG STARFSMANNA

Starfsemin á svæðinu þarf að vera mjög skipulögð til að tryggja öryggið. Fjórir starfsmenn eru á vakt. Einn starfsmaður selur aðgöngumiða. Tveir starfsmenn fylgjast með göngunum og útsýnispallinum, en yfir vetrartímann er einn starfsmaður í því hlutverki. Einn starfsmaður vaktar svæðið utandyra.

LAUNAMÁL STARFSMANNA

LAUN

Mánaðarlaun starfsmanna yrðu um 180.000 kr. á mánuði með launatengdum gjöldum og bílastyrk. Einnig þyrfti framkvæmdastjóra og myndi hann laun hans vera 350.000 kr. á mánuði með launatengdum gjöldum. Starfsmaður á skrifstofu sem ynni aðeins á virkum dögum fengi um 160.000 kr. á mánuði í laun.²¹

Ekki þarf að ráða fleiri starfsmenn við móttökuskála þar sem veitingasala verður boðin út.

HLUNNINDI


Starfsmenn munu fá vinnuföt sem samanstanda af góðum útivistarfötum, léttum íþróttagöllum og gönguskóm. Áætlaðar eru 10.000 kr. á hvern starfsmann í fatakostnað á ári. Bílastyrkur, vegna keyrslu starfsmanna til vinnustaðar, er innifalinn í launum starfsmanna og er reiknaður 10.000 kr. á mánuði.

²¹ Þessar áætlunir um laun og mannafla eru byggðar á upplýsingum frá framkvæmdastjóra skíðasvæðisins í Bláfjöllum, Loga Sigurfinnssyni (sem jafnframt er framkvæmdastjóri Bláfjallanefndar), enda eru rekstrarforsendur á skíðasvæðinu ekki ósvipaðar því sem gera má ráð fyrir í Þríhnúkum.

::Framkvæmdaráætlun

VERNDUN SVÆÐISINS


Mikilvægt er að tryggja að gígurinn og umhverfi hans verði varðveitt enda er það eitt af markmiðum félagsins. Þríhnúkar eru á mjög viðkvæmu hraunmyndanasvæði og þarf því að gæta að öryggi í umferð manna um svæðið jafnframt því að vernda gegn spillingu náttúrunnar.



Svæðið er á friðlýstu náttúruverndarsvæði sem kallar á enn frekari varkárni við framkvæmdir. Sýnilegt jarðrask skal vera sem minnst og upprunalegt umhverfi fá að halda sér. Göngustígar á svæðinu verða gerðir m.a. til að vernda viðkvæman gróður við gíginn. Jarðgöngin og útsýnispallurinn koma inn í hellinn á þeim stað sem minnstum skaða valda. Þar nýtur lokaði strompurinn upp af norðaustur hluta hvelfingarinnar sín mjög vel, en hann er skreyttur rauðleitu hraunfrussi sem er einstætt í veröldinni. Engin hættu er að fólk skaði þarna viðkvæmar myndanir þar sem ekki næst til þeirra frá útsýnispallinum.

FRAMKVÆMDALÝSING

Áður en framkvæmdir geta hafist þarf ákveðin undirbúningsvinna að eiga sér stað t.d. deiliskipulag og rannsóknir á jarðlögum. Gert er ráð fyrir að gerður verður 4 km langur vegur frá Bláfjallasvæðinu að austanverðum Þríhnúkum ásamt bílastæðum. Móttökuskáli verður reistur norðvestan megin út frá hlíðum Þríhnúka og verður því gott útsýni yfir höfuðborgarsvæðið frá honum. Skálinn verður um 600 m² og verður þar aðstaða til veitingasölu leigð út. Tvö hundruð metra löng göng verða boruð á sama stað og skálinn verður reistur, þ.e. norðvestan megin við gíginn og þarf að ganga í gegnum hann til að komast inn í göngin. Jarðgöngin verða tvískipt til að umferð í og úr gígnum verði auðveldari. Reistur verður útsýnispallur úr stáli við enda ganganna sem skagar út í upplýstan gíginn svo að gestir geti virt hann fyrir sér.



AÐGENGI OG FRÁGANGUR Á YFIRBORDI

Aðgengi og frágangur á yfirborði á svæðinu í kringum Þríhnúka þarf að vera gott. Mikilvægt er því að hafa merka göngustíga um svæðið enda gegnir það þríþættu hlutverki. Í fyrsta lagi verndun náttúrunnar gegn eyðileggingu, í öðru lagi gerir það



göngufólki og öðru útivistarfólki svæðið aðgengilegra og í þriðja lagi verndar það gegn hættum á svæðinu. Gert er ráð fyrir göngustíg í kringum gíginn og einnig upp á gíginn. Þá er mikilvægt að girða vel af í kringum gígopið vegna mikillar fallhættu. Þríhnúkaskáli verður hannaður þannig að hann falli sem best að umhverfinu.

::Rekstrar- og fjárhagsáætlun

STOFNKOSTNAÐUR

Framkvæmdakostnaður:

Rannsóknarvinna	12.000.000 kr.
Vegur og bílastæði	40.000.000 kr.
Lagning leiðslna	6.000.000 kr.
Deiliskipulag	2.000.000 kr.
Móttökuskáli við gíg	150.000.000 kr.
Jarðgöng	50.000.000 kr.
Útsýnispallur	100.000.000 kr.
Lýsingarbúnaður	2.000.000 kr.
Samtals framkvæmdarkostnaður	362.000.000 kr.

Annar stofnkostnaður²²

Skráningarkostnaður	173.980 kr.
Skrifstofubúnaður	211.800 kr.
Starfsmannabúnaður	350.000 kr.

Samtals stofnkostnaður

362.735.780 kr.

Heildarstofnkostnaður er 362.735.780 kr. Áætlað er 90% lán og 10% hlutafé. M.v. að framkvæmdaáætlun standist er raunkostnaður 368.500.000 kr. með áföllnum vöxtum áður en sala getur hafist.²³

²² Sjá sundurliðun í Viðauka 1.

²³ Sjá frekari kostnaðarforsendur í Viðauka 1.

NÚLLPUNKTSGREINING

Miðað við þær forsendur að stofnkostnaður félagsins yrði um 360 milljónir króna og kostnaður fjármagns yrði í kringum 10% þá er ljóst að um 55.000 gesti þyrfti á ári um ókomna framtíð ef miðað er við að aðgangseyrir yrði 1.500 kr. á manninn (með virðisaukaskatti). Einnig yrði veitingasala leigð út og leigutekjur af henni yrðu um 600 þúsund kr. á mánuði. Heildartekjur félagsins á ári mættu ekki fara undir 75 milljónir króna til að geta staðið undir viðunandi arðsemi af þessar fjárfestingu sem ráðist verður í. Öllum þessum tölum verður að taka með miklum fyrirvara þar sem aðeins er um að ræða grófa áætlun á stofnkostnaði. Til að geta neglt niður nákvæmar tölur þarf að ráðast í mikla og kostnaðarsama rannsóknarvinnu sem skiljanlega ekki var hægt að gera í þessu verkefni.

ÁÆTLAÐUR EFNAHAGSREIKNINGUR

Eignir	2004	2005	2006	2007	2008
Móttökuskáli v/gíg		147.375	142.965	138.676	134.516
Göng	66.667	98.250	95.310	92.451	89.677
Vegur og bílastæði	40.000	39.300	38.124	36.980	35.871
Pallur		49.125	47.949	46.511	45.115
Lagning leiðslna	6.000	5.895	5.719	5.547	5.381
Lýsing		1.650	1.170	819	573
samtals	112.667	341.595	331.237	320.984	311.133
Skuldir					
Lán	121.644	314.913	288.955	261.395	232.135
Eigið fé					
Hlutfé	13.516	36.216	36.216	36.216	36.216
Óráðstafað eigið fé		-9.534	6.066	23.373	42.782
samtals	-8.977	26.682	42.282	59.589	78.998
Skuldir og eigið fé	112.667	341.595	331.237	320.984	311.133

Í áætluðum efnahagsreikningi er miðað við að hagnaður ársins sé greiddur út sem arður, en auðvitað er hægt að ráðast í mikið af þeim framtíðarhugmyndum með þeim peningum sem koma útúr rekstrinum í stað þess að greiða hann út sem arð. Allar eignir eru afskrifaðar um 3% á ári enda er þetta allt langtímaeign fyrir utan ljósabúnaðinn. Hann er afskrifaður um 30% ári eins og gert er samkvæmt almennum afskriftarreglum. Lánið greiðist niður á 10 árum og höfuðstóll þess er 326.447.000 kr. Því fer hlutfall eigin fjár sífellt hækkandi með tímanum þangað til það verður 100% eiginfjármagnað í apríl 2014.

ÁÆTLAÐUR REKSTRARREIKNINGUR

Áætlaður Rekstrarreikningur				
	2005	2006	2007	2008
Ferðamenn	210.000	230.000	240.000	250.000
tekjur				
miðasala	253.008	277.104	289.152	301.200
leigutekjur	4.200	7.200	7.200	7.200
	257.208	284.304	296.352	308.400
Kostnaður				
Launakostnaður	-11.970	-20.520	-20.520	-20.520
Viðhald	-1.993	-6.625	-9.630	-9.334
Markaðskostnaður	-10.000	-5.000	-5.000	-5.000
Rafmagn og hiti	-1.167	-2.000	-2.000	-2.000
Tryggingar	-1.723	-2.954	-2.954	-2.954
Annar kostnaður	-1.120	-1.920	-1.920	-1.920
Fasteignagjöld	-875	-1.500	-1.500	-1.500
Bifreiðakostnaður	-408	-700	-700	-700
Fjarskiptakostnaður	-408	-700	-700	-700
Bókhaldskostnaður	-280	-480	-480	-480
SAMTALS	-29.944	-40.519	-43.524	-43.228
EBITA	227.264	243.785	252.828	265.172
Afskriftir	-6.405	-10.358	-10.253	-9.851
EBIT	220.859	233.427	242.575	255.321
Vaxtagjöld	-12.969	-18.189	-16.588	-14.888
Hagnaður fyrir skatta	207.890	215.238	225.988	240.433
Tekjuskattur	-37.420	-38.743	-40.678	-43.278
Hagnaður	170.469	176.495	185.310	197.155

SJÓÐSTREYMISÁÆTLUN

	2004	2005	2006	2007	2008
Rekstrarhr.					
miðasala		253.008	275.138	299.701	301.200
leigutekjur		7.200	7.200	7.200	7.200
Launakostnaður		-11.970	-20.520	-20.520	-20.520
Viðhald		-3.416	-6.625	-9.630	-9.334
Markaðskostnaður		-10.000	-5.000	-5.000	-5.000
Rafmagn og hiti		-1.167	-2.000	-2.000	-2.000
Tryggingar		-1.723	-2.954	-2.954	-2.954
Annar kostnaður		-1.120	-1.920	-1.920	-1.920
Fasteignagjöld		-875	-1.500	-1.500	-1.500
Bifreiðakostnaður		-408	-700	-700	-700
Fjaraskiptakostnaður		-408	-700	-700	-700
Bókhaldskostnaður		-280	-480	-480	-480
Afskriftir		-6.405	-10.358	-10.253	-9.851
Vaxtagjöld		-12.969	-18.189	-16.588	-14.888
Tekjuskattur		-37.901	-38.743	-40.678	-43.278
Rannsóknarkostnaður	-12.000				
Deiliskípulag	-2.000				
Skráningargjald	-160				
ALLS	-14.160	171.565	172.649	193.979	195.275
Fjárfestingarhr.					
Vegur og bílastæði	-40.000				
Lagning leiðslna	-6.000				
Móttökuskáli v/gíg	-25.000	-125.000			
Göng	-50.000				
Pállur		-100.000			
Lýsing		-2.000			
Annar kostnaður		-559			
ALLS	-121.000	-227.559	0	0	0
Fjármögnunarhr.					
Lántaka	135.718	227.000			
Hlutfjárútböð	13.572	22.700			
Arðgreiðsla ²⁴		-177.243	-146.690	-166.419	-166.015
Greitt af láni		-16.463	-25.959	-27.560	-29.260
ALLS	149.290	55.994	-172.649	-193.979	-195.275
Sjóðstreymi ársins	-121.030	0	0	0	0

²⁴ Í raunveruleikanum yrði arðgreiðslan aldrei þetta há, en þar sem í þessari skýrslu var miðað við að ekki yrði bætt við upphaflegu fjárfestinguna og er allt greitt út sem arður. Ef reksturinn gengi eftir áætlunum þá yrði að sjálfsgöðu hagkvæmast að stækka aðstöðuna.

::Fjármögnun

FJÁRMÖGNUN ÞRÍHNÚKA


Framkvæmd félagsins og framkvæmd verksins yrði hugsuð á svipaðan hátt og hjá Speli. Hlutafélag áhugasamra aðila eða sveitafélaganna sem eiga og reka aðstöðuna á Bláfjallasvæðinu yrði stofnað um framkvæmdina. Meginhluti framkvæmdafjár kæmi frá lánastofnunum og þá væntanlega innanlands því ekki er um það háar fjárhæðir að ræða að nauðsynlegt væri að fjármagna verkið erlendis. Einnig yrði gert ráð fyrir að sveitafélögin á svæðinu gengju í ábyrgðir fyrir lánum svo hægt væri að fá eins hagstæða vexti og mögulegt er, en í þessari skýrslu er miðað við vaxtakjör upp á 6%.

HLUTAFÉLAG


Þríhnúkar hf. er hlutafélag og gert er ráð fyrir um 36 milljónum í stofnfé hlutafélagsins, en það er 10% fjárfestingarinnar. Hlutaféð verður í 400 hlutum og er boðið út.

LÁN

Tekið verður lán, fyrir 90% fjárfestingarinnar, til 10 ára með 6% vöxtum að upphæð 326.347.000 kr.



Á þessum gröfum sést vel á hvaða tíma lánadrottinnar og hluthafar þurfa að reiða fram fé til verkefnisins. Athugið að allar tölur eru í þúsundum króna.



HUGLEIÐING UM STYRKI

Hugsanlega er hægt að leita fjárstyrkja fyrir verkefnið. Margir hafa lýst stuðningi sínum við verkefnið en ekki lofað neinum greiðslum eða að ganga í ábyrgðir, s.s. Reykjavíkurborg og Kópavogsbær. Mögulega væri hægt að sækja um styrki til Evrópusambandsins. Einnig væri hægt að sækja um styrki til sterkra fyrirtækja á Íslandi, s.s. bankanna.

::Framtíðarsýn

Þríhnúkasvæðið er einstaklega fallegt og býður upp á ýmsa möguleika á allskonar uppátækjum og atburðum í framtíðinni sem gætu aukið áhuga manna á staðnum. Hér eru ýmsar hugmyndir.

LJÓSPIL

Mettuð vatnsgufa leikur um gíginn, gaman yrði að koma upp einskonar ljóspili með mjóum geislum sem kæmi skemmtilega út þegar þeir lýsa í gegnum gufuna.

MINJAGRIPASALA

Í framtíðinni verður leigð út aðstaða til minjagripasölu þar sem seldir verða hlutir til minningar um ferðina í Þríhnúkagíg.

VIÐBÓTAR FRAMKVÆMDIR

Hægt væri að gera hringstiga frá pallinum og niður á botninn en það mun gefa fólki tækifæri til að upplifa enn frekar stærð hellisins. Til að hafa flæði í gegnum hellinn, þá er önnur hugmynd að setja lyftu inn í bergið til að flytja fólk aftur upp. Lyftan gæti verið úr gleri sem gæfi fólki einstaka upplifun inni í gígnum.


Til að anna vaxandi eftirspurn er einnig hægt að gera önnur jarðgöng upp á öðrum stað, t.d. sunnan megin við Þríhnúkagíg. Þetta gæti skapað ákveðið rennsli í gegnum gíginn þannig að fleiri kæmst að.

MYNDLISTASÝNINGAR

Skemmtilegt yrði að halda sýningu á myndlist annaðhvort í Þríhnúkaskála, við göngin niður í gíginn og jafnvel áframhaldandi sýningu í sjálfum göngunum og inná sjálfan útsýnispallinn. Þá væri hægt að hafa sérstakt þema sem samsvarar þeirri sýningu sem boðið væri uppá. Sniðugt væri til dæmis að halda reglulega myndlistasýningu með myndum af öðrum hellum og náttúruundrum hér á landi og tengja þannig Þríhnúkagíg við aðrar séríslenskar aðstæður. Einnig væri svo hægt að sýna erlenda samskonar hella og bera þá saman við Þríhnúkagíg. Gaman væri líka að bera gíginn saman við allskonar háhýsi og byggingar annarsstaðar í heiminum svo sem Eiffelturninn og Frelsisstyttna (Frelsisstyttnan er 95 m en Eiffelturninn er um 1/3 stærri en gígurinn eða 320 m) svo fólk geti gert sér grein fyrir stærð hellisins með því að bera hann við þekktar byggingar. Þess á milli gætu hinir ýmsu listamenn sýnt verk sín þar.

TÓNLISTARSALUR

Miklir möguleikar eru fyrir því að skapa einstaka stemmingu inni í sjálfum gígnum með tónlist þar sem gífurlegt rúmmál gígsins er tilvalinn tónlistarsalur. Hægt væri að hafa flautuleik, fiðluleik eða eitthvað í þeim hugljúfa dúr, þar sem ráðnir yrðu einn til tveir tónlistarmenn til að skiptast á að spila léttu tónlist sem myndi berast um allan gíginn. Einnig,



alveg í þveröfuga átt væri gaman að skapa drungalega stemmingu með bassaboxum þar sem hermt væri eftir drunum og ógnvekjandi hljóðum úr iðrum jarðar, jafnvel með reykvél til að auka spennuna. Þó má ekki gleyma því að sú yfirþyrmandi þögn sem er á staðnum er einnig einsök upplifun.

SIG

Hægt yrði að bjóða upp á sig niður úr opi gígsins og alla leið niður á botninn. Þeir sem horfa á frá pallinum gera sér þá enn meiri grein fyrir því hversu stór hellirinn er þar sem sigmennirnir munu virka sem litlir dordinglar hangandi niður úr hlöðulofti. Samkvæmt könnuninni sem gerð var höfðu 58,16% áhuga á að síga niður hellinn um gígopið.

UMHVERFIÐ

Sú staðreynd að þarna er um að ræða eitt stærsta hraunsvæði Íslands og þar af leiðandi magnað umhverfi væri áhugavert að hafa merкта göngustíga um svæðið með leiðarvísingum sem rekja sögu og viðurnefni umhverfisins. Bæði lengri og styttri stígar fyrir göngufólk og fjölskyldufólk. Göngustígar eru einnig mikilvægir til að vernda svæðið og auka öryggi þar sem mikið er um leyndar dyngjur. Þá væri hægt að bjóða upp á leiðsögn um svæðið.

ÚTSÝNIÐ

Jafnvel örlítið öfgakennd hugmynd sem gæti hugsanlega átt sér stað í óráðinni framtíð er að opna glæsilegan matsölustað svipaðan Perlunni með stórum veislusal sem hægt væri að leigja út fyrir giftingar og alls konar veislur. Vegna mikilfenglegs útsýnis væri þetta frábær staður að njóta góðrar veitingar og eiga góðar stundir með fjölskyldunni og góðum vinum. Gamán yrði einnig að sjá hvernig ljósadýrðin frá flugeldum á gamlárskvöld væri frá þessu sjónarhorni þar sem öll Reykjavík sést þaðan. En þetta er hugmynd sem ekki yrði raunhæft að kanna fyrr en einhver reynsla hefur verið komin á í fyrirtækinu, jafnvel gæti þetta fallið um sjálft sig þar sem komist yrði að því að ekki er markaður fyrir svona lagað. En engu að síður er ekkert því til fyrirstöðu að hafa þetta bak við eyrað til að hugsa um í framtíðinni.

::Lokaorð

Viðskiptahugmynd þessi um að virkja náttúruperluna Þríhnúka og gera hana að einum vinsælasta ferðamannastað Íslands með því að gera göng inn í gíginn þarf ekki að vera svo fjarlægur draumur. Borgarráð hefur þegar tekið hugmyndina til skoðunar með samstarfi við nágrannasveitarfélögin og Bláfjallanefnd. Bak við hugmyndina eru nokkrir sterkir einstaklingar sem þekkja vel hvað þeir eru að gera, þar á meðal er Árni B. Stefánsson augnlæknir og hellaáhugamaður en hann hefur eytt miklum tíma í að rannsaka gíginn, einnig eru Björn Ólafsson og Einar K. Stefánsson Everestfarar sem hafa staðið við hann. Allir hafa þeir mjög raunsæja og góða heildarmynd yfir það sem framkvæmdirnar eiga að ná yfir.

Staðsetning gígsins er á mjög hentugum stað nálægt höfuðborginni, þ.e. á Bláfjallafólkvangi, og því þarf ekki að hafa mikið fyrir því að komast að honum. Þetta gerir það að verkum að gígurinn hefur forskot á aðra ferðamannastaði á Íslandi þar sem yfirleitt þarf að gera sér sérstaka ferð á aðra staði með tilheyrandi veseni.

Umfangsmikil fjársöfnun yrði að eiga sér stað áður en hægt væri að framkvæma hugmyndina enda yrði Þríhnúkar á hlutafélagasformi en samtals stofnkostnaður yrði um 362.735.780 kr. en stór hluti af þeirri fjárhæð yrði fengin með lánum með ábyrgð frá bæjarfélögunum. Kostnaðurinn er því í raun mesta hindrunin auk útvegum leyfa sem útvega þyrftu en þau eru leyfi Umhverfisstofnunarinnar, framkvæmdaleyfi og starfsleyfi heilbrigðisnefndar. Aðrar hindranir sem geta komið í veg fyrir framkvæmdir eða seinkað þeim eru ýmsar, nokkrar af þeim sem nefndar voru í skýrslunni eru áhrif náttúruverndarsinna og pólitísk áhrif, jarðraskanir náttúrunnar og samkeppnisaðilar. En þetta eru allt hindranir sem hægt er að takast á við.

Þríhnúkagígur gefur mikla möguleika skemmtilegum framkvæmdum í framtíðinni, sem hægt væri að nýta til að laða fleiri Íslendinga í gíginn á veturna eða einfaldlega til að gera hann meira aðlaðandi og eftirminnilegri fyrir þá ferðamenn sem leggja leið sína til hans, á hvaða árstíma sem er.

::Heimildaskrá

- Abrams, Rhonda. (2003). *The Successful Business Plan* (4. útgáfa).
California: The Planning shop.
- Ari Trausti Guðmundsson. (2001). *Íslenskar Eldstöðvar*. (bls. 232).
Reykjavík: Vaka-Helgafell.
- Árni B. Stefánsson. (1992). Þríhnúkagígur. *Náttúrufræðingurinn*, 61. 3.-4. hefti.
- Árni B. Stefánsson. (2004). Leynardómar Þríhnúka. *Mbl*. 04.01.04, (bls. 20-23).
- Árni B. Stefánsson. (2004). *Aðgengi Þríhnúkagígs-verkefnistöð og vinnuáætlun*. Gefið út af höfundu.
- Bífreiðastöð Íslands. (2003, 19. desember). *Ferðaskrifstofur*.
Sótt 28. apríl 2004 af <http://www.bsi.is>
- Bláa lónið. (2004). *Heilsulindin Bláa lónið*. Sótt 21. apríl 2004 af
<http://www.blaalonid.is>
- Destination Iceland. (2004, 27. febrúar). *Destination Iceland*.
Sótt 28. apríl 2004 af <http://www.dice.is>
- Eskimos. (2004). *Forsíða*. Sótt 26. apríl 2004 af
<http://www.eskimos.is/html/forsida.html>
- Ferðamálaráð Íslands. (2002). *Könnun Ferðamálaráðs Íslands meðal erlendra ferðamanna*.
Sótt 20. mars 2004 af http://www.now2004.is/Kannanir/konn_rammi.html
- Ferðamálaráð Íslands. (2002, nóvember). *Audlindin Ísland –ferðapjónustuvæði*.
Sótt 26. apríl 2004 af
[http://um.margmidlun.is/um/ferdamalarad/vefsidur.nsf/\\$filesX/PDF_skrar_audlindin_e.pdf/file/audlindin_e.pdf](http://um.margmidlun.is/um/ferdamalarad/vefsidur.nsf/$filesX/PDF_skrar_audlindin_e.pdf/file/audlindin_e.pdf)

Ferðamálaráð Íslands. (2003, febrúar). *Ferðapjónusta á Íslandi í tölum.*

Sótt 10. apríl 2004 af <http://ferdamalarad.is>

Gallup. (2003, desember). *Ferðavenjur innanlands árið 2003.*

Sótt 26. mars 2004 af <http://www.ferdamalarad.is>

Hagstofa Íslands. (2004). *Helstu lykiltölur.* Sótt 26. apríl 2004 af

<http://www.hagstofan.is/template25.asp?pageid=292>

Heilbrigðisnefnd Kópavogs og Hafnarfjarðar. (2004). *Starfsleyfi.*

Sótt af <http://www.heilbrigðiseftirlit.is>

Hellarannsóknarfélag Íslands. (2004). *Hellarannsóknarfélag Íslands.*

Sótt 28. apríl 2004 af <http://www.speleo.is>

Iceland Excursion Allrahanda. (2004). *Allrahanda.*

Sótt 27. apríl 2004 af <http://www.allrahanda.is>

Iceland Explorer. (2004, maí). *Iceland Explorer.*

Sótt 27. apríl 2004 af <http://www.explorer.is>

Morgunblaðið. Þríhnúkagígur. Stórbrotið náttúruundur. 07.07.1991, bls. 15-16.

Náttúrustofa Reykjaness. (2004). *Hraun og eldgígar.*

Sótt 26. apríl 2004 af <http://www.nr.is/2/index.html>

Reykjavík Excursions kynnisferðir. (2004). *Company Profile.*

Sótt 27. apríl 2004 af <http://www.re.is/page.asp?id=537>

Reykjavíkurborg. (2004, 13. janúar). *Möguleikar á að þríhnúkagígur verði gerður aðgengilegur almenningi kannaðir.* Sótt 27. apríl 2004 af

http://www.rvk.is/news.asp?cat_id=17&module_id=220&element_id=3944

Ríkisskattstjóri. (2004, apríl). *Eyðublið ríkisskattstjóra – fyrirtækjaskrá og hlutafélagaskrá.*

Sótt 25. apríl 2004 af

http://www.rsk.is/birta_sidu.asp?vefslod=/eydublod/eydublod_rsk_17.asp&val=6.0

Samgönguráðuneytið. (2003). *Íslensk ferðapjónusta –framtfðarsýn.*

Sótt 24. apríl 2004 af

<http://www.samgonguraduneyti.is/media/Ferðamal/Framtidarnefnd2.pdf>

Samgönguráðuneytið. (2004, janúar). *Flug-og ferðapjónusta á Íslandi.*

Sótt 26. apríl 2004 af

http://www.samgonguraduneyti.is/media/Skyrsla/Flug_lokaskyrslaPDF.pdf

Samgönguráðuneytið. (2004, febrúar). *Skýrsla nefndar samgönguráðherra um öryggisreglur og leyfisveitingar í afþreyingarferðapjónustu.*

Sótt 24. apríl 2004 af

http://www.samgonguraduneyti.is/media/Ferdamal/Aftreying_i_ferdattj.pdf

Sjóvá-Almennar. (2004). *Sjóvá-Almennar tryggingar hf.*

Sótt 3.mái 2004 af <http://www.sjova.is/view.asp?cat=181>

Travel-2. (2004). *Travel-2 ehf.*

Sótt 27. apríl 2004 af <http://www.travel-2.is>

Travelnet.is. (2004). *Iceland Travel Information.*

Sótt 27. apríl 2004 af <http://www.travelnet.is>

::Lagaskrá

Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr.46/1980

Lög um hlutafélög nr. 2/1995

Lög um náttúruvernd nr. 44/1999

Lög um skipulag ferðamála nr. 117/1994

::Myndaskrá

- Mynd 1: Þríhnúkar. Horft frá Reykjavík/ Sigurður H. Stefniðsson ljósmyndaði 2003
<http://www.myndabanki.is/> :bls. 9
- Mynd 2: Kort af hluta Suðurlands/ úr einkasafni Árna B. Stefánssonar: bls.11
- Mynd 3: Þríhnúkagígur, bláfjallafólkvangi/ mynd úr vettvangsferð : bls. 12
- Mynd 4: Þríhnúkar. Horft frá Reykjavík auk legu gígrásanna/ Náttúrufræðingurinn,
teikning Árna B. Stefánssonar : bls. 12
- Mynd 5: Höfuðborgarsvæðið séð frá Þríhnúkum/ mynd úr vettvangsferð : bls. 13
- Mynd 6: Tekið inn í Þríhnúkum að opinu/ úr einkasafni Árna B. Stefánssonar : bls. 23
- Mynd 7: Þríhnúkagígur að austanverðu / mynd úr vettvangsferð : bls. 26
- Mynd 8: Þríhnúkagígur, bláfjallafólkvangi/ sótt af síðu landverndar:
http://www.landvernd.is/arfjalla2002/fjall_14.html#ljósmynd : bls. 33
- Mynd 9: Teikning af Þríhnúkagíg / teikning Árna B. Stefánssonar birt í
kynningarbæklingi á vegum Náttúrufræðistofu Kópavogs : bls. 34
- Mynd 10: Þríhnúkagígur að austanverðu / mynd úr vettvangsferð : bls. 35
- Mynd 11: St. Michael's Cave, Gibraltar/ sótt af síðu:
<http://www.mccullagh.org/theme/gibraltar-cave.html> : bls. 42
- Mynd 12: Inn í Þríhnúkahelli/ úr einkasafni Árna B. Stefánssonar :í Viðauka 1
- Graf 1 : Vöxtur ferðamanna til landsins/ tölur fengnar frá ferðamálaráði :bls. 17
- Graf 2 : Hlutfall ferðamanna á mánuð/ tölur fengnar frá ferðamálaráði: bls. 18
- Graf 3 : Koma ferðamanna á ári / tölur fengnar frá ferðamálaráði: bls. 18

::Viðmælendaskrá

Nafn	Starf	Fyrirtæki
Ari Trausti Guðmundsson	Jarðeðlisfræðingur	Línuhönnun hf.
Axel V. Hilmarsson	Master í byggingarverkfræði	Sjóherinn í Keflavík
Árni B. Stefánsson	Augnlæknir/hellakönnuður	Árni B. Stefánsson
Árni Finnsson	Formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands	Náttúruverndarsamtök Íslands
Dóra Magnúsdóttir	Verkefnastjóri ferða-og markaðsmála	Höfuðborgarstofa
Friðrik Bjarnason		Eskimos ehf.
Gauti Árnason	Matreiðslumaður	ÁG veitingar
Guðmundur Sigurjónsson	Fólksvangsvörður	Reykjanesfólksvangur
Guðrífur Þorvarðardóttir	Fagstjóri	Umhverfisstofnun
Logi Sigurfinnsson	Framkvæmdarstjóri Bláfjallanefndar/ Forstöðum. Bláfjallasvæðis	Bláfjallanefnd
Magnús Oddson	Ferðamálastjóri	Ferðamálaráð Íslands
Margrét Björnsdóttir	Formaður og aðalfulltrúi umhverfisráðs	Kópavogsbær
Már Vilhjálmsson	Jarðfræðingur/ Skólastjóri í MS	Menntaskólinn við Sund
Sigurður Sveinn Jónsson	Jarðfræðingur	Hellarannsóknarfélag Íslands
Steinar Viktorsson	Sölustjóri	Travelnet.is
Svanhildur Konráðsdóttir	Forstöðumaður	Höfuðborgarstofa
Þorsteinn Erlingsson	Framkvæmdarstjóri	Travel-2
Þórir Garðarson	Framkvæmdarstjóri	Iceland Excursions Allrahanda

Viðaukar

Þríhnúkar

Ævintýri í undirheimum eldstöðvar

Stofnun og rekstur fyrirtækja

Vor 2004

Hópur 8



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

::Efnisyfirlit

::Viðauki 1.....	3
Forsendur vegna framkvæmda	4
Forsendur vegna rekstrarkostnaðar.....	7
Um Spöl	9
Annar stofnkostnaður	10
Dreifing stofnkostnaðar	11
Rekstraráætlun.....	13
Sjóðstreymi	14
Verðmat	16
Næmnigreining	17
Forsendur vegna næmnigreiningar.....	20
::Viðauki 2.....	21
Stofngögn Þríhnúka hf.....	21
Leyfi	21
::Viðauki 3.....	38
Könnunin	39
Könnun Árna B. Stefánssonar	43
Bæklingur	45
::Viðauki 4.....	46
Ítarlegri upplýsingar um svæðið	47
Samstarfsaðilar	50
Tölvupóstur frá samstarfsaðilum	52
::Viðauki 5.....	54
Ferilskrár hópmeðlima	54

::Viðauki 1


FORSENDUR

- Forsendur vegna framkvæmda
- Forsendur vegna rekstraráætlunar
- Upplýsingar um Spöl

FJÁRHAGSÚTREIKNINGAR

- Stofnkostnaður
 - Annar stofnkostnaður
 - Dreifing stofnkostnaðar
- Sjóðstreymi
 - 2004
 - 2005
 - 2004-2008
- Verðmat
- Næmnigreining
- Forsendur vegna næmnigreiningar

FORSENDUR VEGNA FRAMKVÆMDA



RANNSÓKNARVINNA

Helsti rannsóknarkostnaður við undirbúning framkvæmda felst í borun tilraunaborhola til að kanna gerð og eðli þeirra berglaga sem grafa þarf göngin í gegnum. Einnig þarf að rannsaka næsta umhverfi gígsins. Samkvæmt forkönnun Verkfræðistofunnar VSÓ er kostnaður tilraunaborunarinnar talinn um 12 milljónir króna.

VERÐ Á LANDI

Ekki er gert ráð fyrir að fyrirtækið Þríhnúkar hf. greiði sérstaklega fyrir afnot af landi. Enda yrði hlutaféð boðið út til sveitafélaga sem eiga og reka þá aðstöðu sem rekin er á Bláfjallasvæðinu, sbr. skíðasvæðið þar.

VEGAGERÐ

Miðað er við að vegurinn yrði lagður austan megin við Þríhnúka. Hann yrði um 4 km langur, 7 m breiður og 2,5 m hár, með bílastæði við þann enda sem liggur að sjálfum Þríhnúkum. Gert er ráð fyrir að kostnaður við veginn og bílastæðið yrði um 40 milljónir, en miðað er við heildarkostnað við 5 km langan veg sem lagður var árið 2003 á Bláfjallasvæðinu. Þar sem sá vegur er 1 km lengri er raunhæft að álykta að svipaður kostnaður fari í 4 km veg og bílastæði. Gert er ráð fyrir að allt efni til vegaf framkvæmdanna komi úr námum þeim sem notaðar eru til framkvæmda á Bláfjallasvæðinu.

LAGNING LEIÐSLNA

Nauðsynlegt er að leggja háspennustreng auk vatnsleiðslu frá Bláfjöllum til Þríhnúkaskála sem er um 5 km leið. Samkvæmt áætlun frá Raftæknistofunni hf. er áætlað að lagning háspennustrengsins myndi kosta um 5 milljónir og vatnsleiðslu um eina milljón. Heildarkostnaður við lagningu leiðslna væri því um 6 milljónir.

MÓTTÖKUSKÁLI VIÐ GÍG

Gert er ráð fyrir að móttökuskálinn verði niðurgrafinn að hluta og í tengslum við göngin þar sem þau ganga inn í gíginn. Gert væri ráð fyrir að móttökuskálinn falli inn í það landslag sem er á svæðinu. Reiknað er með að skálinn verði allt að 600 m². Gert er ráð fyrir að hver fermetri kosti 250.000 kr. Þessi tala er í hærri kantinum, því aðstæður eru frekar erfiðar og vanda þarf til allra verka og taka tillit til umhverfissjónarmiða. Í þessu kostnaðarmati er einnig gert ráð fyrir húsbúnaði. Samkvæmt upplýsingum verkfræðinga er venjan að miða við 200.000 krónur á m² þegar um vel útbúið húsnæði er að ræða. Því er gert ráð fyrir auknum kostnaði sem nemur 50.000 krónum á m² af framangreindum ástæðum. Heildarkostnaður við byggingu skálans verður því nálægt 150 milljónum króna.

GANGNAGERÐ

Samkvæmt upplýsingum frá Árna B. Stefánssyni fékk hann óformlegt tilboð frá fyrirtæki sem sérhæfir sig í gangnagreftri. Sú áætlun gerði ráð fyrir að kostnaður yrði um 50 milljónir króna, sem þýðir að hver grafinn metri kostar um 250.000 krónur. Þessi tala þykir kannski heldur lág,



en ef tekið er mið af kostnaði við gerð Hvalfjarðargangna, þar sem hver metri kostaði rúmlega 800.000 krónur, þarf það ekki að vera raunin. Í Hvalfirði var grafið undir yfirborð sjáfar og þetta þurfti göngin vegna vatnsleka. Við þríhnúka er ekki um neitt slíkt að ræða og því ekki óeðlilegt að áætla að þessi kostnaðaráætlun sé nokkuð nærri lagi.

PALLUR

Ekki eru nákvæmar tölur til um kostnað við gerð pallsins. En samkvæmt grófri áætlun tveggja byggingarverkfræðinga¹, yrði kostnaður að hámarki um 100 milljónir ásamt nauðsynlegum öryggisbúnaði. Til samanburðar má geta þess að stál göngubrú yfir umferðargötu eins og Miklubraut kostar 80 til 100 milljónir króna.

LÝSING

Ekki eru til nákvæmar tölur um kostnað við uppsetningu lýsingar og lagningu rafkapla í gígnum en miða má við að hámarki um 2 milljónir króna á ári að áliti Raftæknistofunnar hf.

¹ Samkvæmt áætlun frá VSÓ Verkfræðistofu.

FORSENDUR VEGNA REKSTRARKOSTNAÐAR

LAUN OG LAUNATENGD GJÖLD

Reiknað er með að tíu manns starfi hjá Þríhnúkum hf. Átta manns sem starfa yfir sumartímamann á vöktum, en sex starfsmenn yfir vetrartímamann og munu þeir sinna gestum Þríhnúka. Mánaðarlaun þessara starfsmanna yrðu um 180.000 kr. á mánuði. Einnig yrði ráðinn framkvæmdastjóri sem fengi 350.000 kr. í laun á mánuði. Starfmaður á skrifstofu sem ynni aðeins á virkum dögum fengi um 160.000 kr. í laun á mánuði.

BIFREIÐAKOSTNAÐUR

Reiknað er með að góður jeppi yrði tekinn á rekstrarleigu og samkvæmt upplýsingum frá Ingvari Helgasyni hf. má miða við að leigukostnaður á mánuði sé um 1% af verði bíls. Reiknað er með að bifreiðin yrði pallbíll af gerðinni Nissan Double Cab en hún kostar ný 2.530.0000. Rekstrarleiga á ári yrði því 303.600 kr. Með bensíni og tryggingum yrði rekstarkostnaður því um 700.000 kr á ári.

MARKAÐSKOSTNAÐUR

Gert er ráð fyrir óverulegum kostnaði við markaðssetningu þegar fram í sækir. Á fyrsta starfsári er gert ráð fyrir að verja 10 milljónum króna til markaðsstafsemi sem felst m.a. í gerð auglýsingabæklinga, heimasíðugerð og ýmiskonar kynningarstarfsemi. Í framtíðinni yrði varið um 5 milljónum króna til markaðsstarfsemi.

RAFMAGNSKOSTNAÐUR

Miðað er við að gígurinn sem er 150.000 rúmmetrar verði lýstur með daufri lýsingu. Göng yrðu lýst með 60 kw perum með 10 metra millibili. Það eru 20 perur í göngunum. Í skálann þyrfti svipaðan fjölda af perum sem þýðir 2400 kw/h orkunotkun þegar opið er. Einnig yrði að gera þar ráð fyrir að rafmagn væri notað til upphitunar húsnæðis. Áætluð heildar orkunotkun á mánuði er um 670.000 kw/h og miðað við meðalverð 2.94 á kw/h, að viðbættum dag- og aflagjaldi yrði kostnaður um tvær milljónir á ári.

Hér fyrir neðan má sjá þá verðskrá Orkuveitu Reykjavíkur sem miðað er við:

Afl- og orkumæling:	án vsk
<i>Fast gjald</i>	146,20 kr/dag
<i>Aflgjald</i>	24,78 kr/kW/dag
<i>Vetrarorkugjald</i>	4,02 kr/kWh
<i>Sumarorkugjald</i>	1,85 kr/kWh

FJARSKIPTAKOSTNAÐUR

Þar sem fyrirtækið yrði með um 10 fasta starfsmenn og mikil viðskipti við útlendinga myndi fjarskiptakostnaður vera þó nokkur og er hann áætlaður um 700.000 kr. á ári.

VIÐHALD

Gert er ráð fyrir minni viðhaldskostnaði fyrstu tvö árin og er hann hluti af stofnkostnaði, 1% fyrsta árið og 2% á næsta ári. Til langs tíma er reiknað með 3% af eignum á ári að meðaltali. Upplýsingar um þessa viðmiðun eru byggðar á mati byggingaverkfræðings.

TRYGGINGAR

Mjög erfitt er að áætla heildarkostnað við tryggingar. Samkvæmt grófu mati Sjóvá-Almennra, má reikna með að tryggingar yrðu um 3 milljónum króna á ári.

BÓKHALDSKOSTNAÐUR

Gert er ráð fyrir að bókhaldskostnaður verði 40 þúsund krónur á mánuði og yrði öll almenn bókhalds þjónusta aðkeypt.

ANNAR KOSTNAÐUR

Undir annan kostnað falla ýmsir liðir sem hafa lítinn kostnað í för með sér og ekki er ástæða til að tíunda sérstaklega, enda getur verið erfitt að átta sig á honum fyrirfram.

AFSKRIFTIR

Reiknað er með 3% afskriftum af mannvirkjum, en 30% af ljósabúnaði.

SKATTGREIÐSLA

Gert er ráð fyrir því að tekjuskattur fyrirtækja sé áfram 18%. Ekki er gert ráð fyrir að tekjuskattur fyrirtækja lækki í 15% á næstu árum, þó slíkt hafi verið rætt.

Ekki er gert ráð fyrir skattgreiðslum nema af hagnaði ársins.

UM SPÖL

Hlutafélagið Spölur var stofnað 25. janúar 1991. Hlutafé er samtals 86 milljónir króna og hluthafar eru alls 41, þar af eiga 6 þeir stærstu 87,7% hlutafjár. Stærstu hluthafarnir eru:

- Grundartangahöfn
- Sementsverksmiðjan hf.
- Íslenska járnblendifélagið hf.
- Skilmannahreppur
- Vegagerðin
- Akranesbær

Aðrir hluthafar eru fyrirtæki, félög og einstaklingar.

Í lok árs 1995 var Speli hf. breytt í Eignarhaldsfélagið Spöl og stofnað dótturfélagið Spölur ehf. sem byggir og rekur Hvalfjarðargöngin. Þessi formbreyting var byggð á heimild í samningum við ríkið og hafði þann tilgang að auðvelda lánadrottnum að taka handveð í hlutabréfi eignarhaldsfélagsins Speli.

Fjármagnið í upphafi var framkvæmdalán til þriggja ára upp á 64,6 milljónir bandaríkjadala (4,3 milljarða króna). Lánveitendur voru Skandinaviska Enskilda Banken, ING Barings og Landsbanki Íslands. Framkvæmdalánið var í fimm myntum og lánveitandinn hafði heimild til að breyta myntsamsetningunni í Evró, sameiginlega mynd Evrópusambandsins, á lánstímanum. Það ákvæði var nýlunda í alþjóðlegum lánasamningi af þessu tagi. Lántakandinn var Spölur ehf., sem byggði og rekur Hvalfjarðargöng

ANNAR STOFNKOSTNAÐUR

Annar stofnkostnaður greinist sem hér segir:

Skráningarkostnaður

Skráningargjald	154.980
Kennitala	5.000
Einkaleyfi á merki fyrirtækis	14.000
Samtals skráningarkostnaður	173.980

Skrifstofubúnaður²

Tölvur	154.000
Símabúnaður	30.000
Stofngjald v/Visa og Euro	6.850
Stofngjald v/síma og nettengingar	8.500
Stofngjald lénskjald (.is)	12.450
Samtals skrifstofubúnaður	211.800

Starfsmannabúnaður

Talstöðvar (5 stk.)	50.000
Fatakostnaður	300.000
Samtals starfsmannabúnaður	350.000

² Ath. Húsgögn á skrifstofu, í eldhúsi og í sal er innifalið í verði móttökuskála.

STOFNKOSTNAÐUR

	2004	apr	maí	jún	júl	ágú	sep	okt	nóv	des	jan	feb	mar	apr	maí
H.kostn	160														
Skráningargjald	160														
Rannsóknarvinna	12.000	2.000	2.000	2.000	2.000	2.000	2.000								
Vegur og bílastæði	40.000							13.333	13.333	13.333					
Lagning leiðslna	6.000							6.000							
Deiliskipulag	2.000	333	333	333	333	333	333								
Móttökuskáli															
v/gífg	150.000									25.000	25.000	25.000	25.000	25.000	25.000
Göng	50.000														
Pallur	100.000														
Lýsing	2.000														
Annar kostnaður	559														
Fjárbörf	362.718	3.052	2.333	2.333	2.333	2.333	2.333	36.000	30.000	55.000	25.000	25.000	58.333	59.333	59.333
Lánsbörf 90%	326.447	2.747	2.100	2.100	2.100	2.100	2.100	32.400	27.000	49.500	22.500	22.500	52.500	53.400	53.400
Hlutfjárbörf 10%	36.272	305	233	233	233	233	233	3.600	3.000	5.500	2.500	2.500	5.833	5.933	5.933

REKSTRARÁÆTLUN

Rekstraráætlun 2005								
	jún	júl	ágú	sep	okt	nöb	des	Samtals
Tekjur								
miðasala	36.144	36.144	36.144	36.144	36.144	36.144	36.144	253.008
leigutekjur	600	600	600	600	600	600	600	4.200
heildartekjur	36.744	36.744	36.744	36.744	36.744	36.744	36.744	257.208
Rekstrar-kostnaður								
Launakostnaður	-1.710	-1.710	-1.710	-1.710	-1.710	-1.710	-1.710	-11.970
Markaðskostnaður	-1.429	-1.429	-1.429	-1.429	-1.429	-1.429	-1.429	-10.000
Víðhald	-285	-285	-285	-285	-285	-285	-285	-1.993
Rafmagn og hiti	-167	-167	-167	-167	-167	-167	-167	-1.167
Tryggingar	-246	-246	-246	-246	-246	-246	-246	-1.723
Annar kostnaður	-160	-160	-160	-160	-160	-160	-160	-1.120
Fasteignagjöld	-125	-125	-125	-125	-125	-125	-125	-875
Bifreiðakostnaður	-58	-58	-58	-58	-58	-58	-58	-408
Fjarskiptakostnaður	-58	-58	-58	-58	-58	-58	-58	-408
Bókhaldskostnaður	-40	-40	-40	-40	-40	-40	-40	-280
SAMTALS	-4.278	-4.278	-4.278	-4.278	-4.278	-4.278	-4.278	-29.944
EBITA	32.466	32.466	32.466	32.466	32.466	32.466	32.466	227.264
Afskriftir	-915	-915	-915	-915	-915	-915	-915	-6.405
EBIT	31.551	31.551	31.551	31.551	31.551	31.551	31.551	220.859
Vaxtagjöld	-3.304	-1.637	-1.626	-1.616	-1.606	-1.595	-1.585	-12.969
Hagnaður f/skatt	28.248	29.915	29.925	29.935	29.945	29.956	29.966	207.890
Tekjuskattur							-37.420	-37.420
Hagnaður e/skatt	28.248	29.915	29.925	29.935	29.945	29.956	-7.454	170.469

Sjóðstreymi 2005

	jan.	feb.	mar.	apr.	maí	jún	júl	ágúst	sep.	okt.	nóv.	des.	ALLS
Rekstrarhreyfingar													
miðasala	36.144	36.144	36.144	36.144	36.144	36.144	36.144	36.144	36.144	36.144	36.144	36.144	253.008
leigutekjur	1p200	1.200	1.200	1.200	1.200	1.200	1.200	1.200	1.200	1.200	1.200	1.200	7.200
Launakostnaður	-1.710	-1.710	-1.710	-1.710	-1.710	-1.710	-1.710	-1.710	-1.710	-1.710	-1.710	-1.710	-11.970
Viðhald	--569	-569	-569	-569	-569	-569	-569	-569	-569	-569	-569	-569	-3416
Markaðskostnaður	-1.429	-1.429	-1.429	-1.429	-1.429	-1.429	-1.429	-1.429	-1.429	-1.429	-1.429	-1.429	-10.000
Rafmagn og hiti	-167	-167	-167	-167	-167	-167	-167	-167	-167	-167	-167	-167	-1.167
Tryggingar	-246	-246	-246	-246	-246	-246	-246	-246	-246	-246	-246	-246	-1.723
Annar kostnaður	-160	-160	-160	-160	-160	-160	-160	-160	-160	-160	-160	-160	-1.120
Fasteignagjöld	-125	-125	-125	-125	-125	-125	-125	-125	-125	-125	-125	-125	-875
Bifreiðakostnaður	-58	-58	-58	-58	-58	-58	-58	-58	-58	-58	-58	-58	-408
Fjarskiptakostnaður	-58	-58	-58	-58	-58	-58	-58	-58	-58	-58	-58	-58	-408
Bókhaldskostnaður	-40	-40	-40	-40	-40	-40	-40	-40	-40	-40	-40	-40	-280
Afskriftir	-915	-915	-915	-915	-915	-915	-915	-915	-915	-915	-915	-915	-6.405
Vaxtagjöld	-3.304	-1.637	-1.626	-1.626	-1.616	-1.606	-1.595	-1.585	-1.585	-1.585	-1.585	-1.585	-12.969
Tekjuskattur													-37.420
ALLS	28.248	29.915	29.925	29.925	29.935	29.945	29.956	29.956	29.956	29.956	29.956	29.956	171.565
Fjárfestingarhr.													
Móttökuskáli v/gíg	-25.000	-25.000	-25.000	-25.000	-25.000	-25.000	-25.000	-25.000	-25.000	-25.000	-25.000	-25.000	-125.000
Pallur	-33.333	-33.333	-33.333	-33.333	-33.333	-33.333	-33.333	-33.333	-33.333	-33.333	-33.333	-33.333	-100.000
Lýsing o.fl	-1.000	-1.000	-1.000	-1.000	-1.000	-1.000	-1.000	-1.000	-1.000	-1.000	-1.000	-1.000	-2.559
ALLS	-25.000	-25.000	-25.000	-25.000	-25.000	-25.000	-25.000	-25.000	-25.000	-25.000	-25.000	-25.000	-227.559
Fjármögnunarhr.													
Lánahreyfingar	22.500	22.500	22.500	22.500	22.500	22.500	22.500	22.500	22.500	22.500	22.500	22.500	210.537
Hlutafjárútböð	2.500	2.500	2.500	2.500	2.500	2.500	2.500	2.500	2.500	2.500	2.500	2.500	22.700
Arðgreiðsla													-177.243
ALLS	25.000	25.000	25.000	25.000	25.000	25.000	25.000	25.000	25.000	25.000	25.000	25.000	55.994
Sjóðstreymi	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
						24.193	27.872	27.872	27.872	27.872	27.872	27.872	27.872
													-9.548

VERÐMAT


Við núvirðismælinguna er notuð sjóðstreymisaðferðin, en til að nota hana þarf að bæta við afskriftum og vaxtagjöldum við, vaxtagjöldum er bætt við vegna þess að tekið er tillit til þeirra með því að afvaxta með WACC. Við útreikning á WACC reiknuðum við okkur að ávöxtunarkrafa til eigin fjár væri 25% og hlutfall eignfjár væri 20%, á móti voru vextir af láninu 7% og hlutfall þess 80%. Við útreikning á MIRR var reiknað með að við endurfjárfestum á sama kostnaði og WACC er.

	Kd	Wd	Skattur	Ks	Wce
	7%	80%	18%	25%	20%
WACC	9,592%				
		2005	2006	2007	2008
Hagnaður		166.438	169.679	178.197	189.745
Afskriftir		6.405	10.358	10.253	9.851
Vaxtagjöld		12.969	18.189	16.588	14.888
Sjóðstreymi til útr.		187.817	200.231	207.044	216.492
Fjárfestingar	135.718	-227.000			
			Terminal value		2.257.008
			NPV		1.703.842
			IRR		125%
			MIRR		104%

NÆMNIGREINING


Rekstrarreikningar-Base Case

	2005	2006	2007	2008
Ferðamenn	210.000	230.000	240.000	250.000
tekjur				
miðasala	253.008	277.104	289.152	301.200
leigutekjur	7.200	7.200	7.200	7.200
	260.208	284.304	296.352	308.400
Kostnaður				
Launakostnaður	-11.970	-20.520	-20.520	-20.520
Viðhald	-3.416	-6.625	-9.630	-9.334
Markaðskostnaður	-10.000	-5.000	-5.000	-5.000
Rafmagn og hiti	-1.167	-2.000	-2.000	-2.000
Tryggingar	-1.723	-2.954	-2.954	-2.954
Annar kostnaður	-1.120	-1.920	-1.920	-1.920
Fasteignagjöld	-875	-1.500	-1.500	-1.500
Bifreiðakostnaður	-408	-700	-700	-700
Fjarskiptakostnaður	-408	-700	-700	-700
Bókhaldskostnaður	-280	-480	-480	-480
SAMTALS	-30.271	-40.519	-43.524	-43.228
EBITA	229.937	243.785	252.828	265.172
Afskriftir	-6.405	-10.358	-10.253	-9.851
EBIT	223.532	233.427	242.575	255.321
Vaxtagjöld	-12.969	-18.189	-16.588	-14.888
Hagnaður fyrir skatta	210.563	215.238	225.988	240.433
Tekjuskattur	-37.901	-38.743	-40.678	-43.278
Hagnaður	172.662	176.495	185.310	197.155




Rekstrarreikningar
Worst Case-10% minni ferðamannafjöldi

	2005	2006	2007	2008
Ferðamenn	189.000	207.000	216.000	225.000
tekjur				
miðasala	227.707	249.394	260.237	271.080
leigutekjur	7.200	7.200	7.200	7.200
	234.907	256.594	267.437	278.280
Kostnaður				
Launakostnaður	-11.970	-20.520	-20.520	-20.520
Viðhald	-3.416	-6.625	-9.630	-9.334
Markaðskostnaður	-10.000	-5.000	-5.000	-5.000
Rafmagn og hiti	-1.167	-2.000	-2.000	-2.000
Tryggingar	-1.723	-2.954	-2.954	-2.954
Annar kostnaður	-1.120	-1.920	-1.920	-1.920
Fasteignagjöld	-875	-1.500	-1.500	-1.500
Bifreiðakostnaður	-408	-700	-700	-700
Fjarskiptakostnaður	-408	-700	-700	-700
Bókhaldskostnaður	-280	-480	-480	-480
SAMTALS	-30.271	-40.519	-43.524	-43.228
EBITA	204.636	216.075	223.913	235.052
Afskriftir	-6.405	-10.358	-10.253	-9.851
EBIT	198.231	205.717	213.660	225.201
Vaxtagjöld	-12.969	-18.189	-16.588	-14.888
Hagnaður fyrir skatta	185.262	187.528	197.072	210.313
Tekjuskattur	-33.347	-33.755	-35.473	-37.856
Hagnaður	151.915	153.773	161.599	172.457



Rekstrarreikningar
Best Case – 3% meiri ferðamannafjöldi

	2005	2006	2007	2008
Ferðamenn	216.300	236.900	247.200	257.500
tekjur				
miðasala	260.598	285.417	297.827	310.236
leigutekjur	7.200	7.200	7.200	7.200
	267.798	292.617	305.027	317.436
Kostnaður				
Launakostnaður	-11.970	-20.520	-20.520	-20.520
Viðhald	-3.416	-6.625	-9.630	-9.334
Markaðskostnaður	-10.000	-5.000	-5.000	-5.000
Rafmagn og hiti	-1.167	-2.000	-2.000	-2.000
Tryggingar	-1.723	-2.954	-2.954	-2.954
Annar kostnaður	-1.120	-1.920	-1.920	-1.920
Fasteignagjöld	-875	-1.500	-1.500	-1.500
Bífreiðakostnaður	-408	-700	-700	-700
Fjarskiptakostnaður	-408	-700	-700	-700
Bókhaldskostnaður	-280	-480	-480	-480
SAMTALS	-30.271	-40.519	-43.524	-43.228
EBITA	237.527	252.098	261.503	274.208
Afskriftir	-6.405	-10.358	-10.253	-9.851
EBIT	231.122	241.740	251.250	264.357
Vaxtagjöld	-12.969	-18.189	-16.588	-14.888
Hagnaður fyrir skatta	218.153	223.551	234.662	249.469
Tekjuskattur	-39.268	-40.239	-42.239	-44.904
Hagnaður	178.886	183.312	192.423	204.565



FORSENDUR VEGNA NÆMNIGREININGAR

- Base case

Gert er ráð fyrir að það séu allar líkur á að um 210.000 manns skoði gíginn á fyrsta árinu. Ekki er um fullt rekstrarár að ræða, heldur sjö mánaða tímabil sem nær yfir sumarmánuðina þegar ferðamannastraumur er hvað mestur. Einnig er reiknað með að verulegur fjöldi Íslendinga komi strax fyrsta árið og það margir erlendir ferðamenn að 30.000 manns heimsæki gíginn á mánuði. Hlutfallslega dragi síðan úr aðsókninni þar til hún nær jafnvægi árið 2008 þegar 250.000 manns heimsækja gíginn árlega, sem er um 70% þess fjölda sem gæti fræðilega séð rúmast á svæðinu.

- Worst case – 10%

Gert er ráð fyrir að það séu líkur á að ferðamenn geti orðið 10% færri en áætlanir okkar gera ráð fyrir. Ef svo fer mun vanta 10% upp á fulla nýtingu fyrsta árið og þegar jafnvægi er náð árið 2008 munu 225.000 manns heimsækja hellinn, sem er um 62% þess fjölda sem gæti fræðilega séð rúmast á svæðinu.

- Best case – 3%

Gert er ráð fyrir að það séu líkur á að 3% fleiri heimsæki hellinn en við gerum ráð fyrir. Til framtíðar (eftir 2008) yrði það nýting upp á 71%.

::Viðauki 2

STOFNGÖGN ÞRÍHNÚKA HF.

- Stofnsamningur
- Stofnfundargerð
- Samþykktir
- Tilkynning til Hlutafélagaskrár

LEYFI

- Umsókn um Starfsleyfi
- Umsókn um skráningu vörumerkis
- Umsókn um lén

STOFNSAMNINGUR

1. gr.

Heiti félagsins er Þríhnúkar hf. **Heimilisfang** þess er að Þríhnúkaskála á Bláfjallafólkvangi.

2. gr.

Tilgangur félagsins er almenn afþreyingarþjónusta á sviði ferðamála þar sem viðskiptavinurinn fær tækifæri til að fræðast um og skoða Þríhnúkagíg. Auk þess er rekstur móttökuskála og skyldur rekstur.

3. gr.

Hlutfé félagsins er 36.272.000 kr. og greinist í 400 jafna hluti. Hlutir skulu hljóða á nafn.

Stofnendur skrifa sig fyrir hlutfé sem hér segir:

Árni B. Stefánsson	1.000.000 kr.
Edda María Hagalín	1.000.000 kr.
Guðný Gréta Guðnadóttir	1.000.000 kr.
Hrafnhildur Á. Svanlaugsdóttir	1.000.000 kr.
Pétur Sævald Hilmarsson	1.000.000 kr.
Sonja Bjarnadóttir	1.000.000 kr.
Steinar Páll Magnússon	1.000.000 kr.

Allt hlutfé er þegar **greitt**.

4. gr.

Kostnaður við stofnun félagsins, sem er áætlaður kr. 200.000, greiðist úr félagssjóði.

Reykjavík, 31. janúar 2004.

STOFNFUNDARGERÐ

Stofnfundur hlutafélagsins Þríhnúka hf. var **haldinn** að Ofanleiti 2, Reykjavík hinn 26. janúar 2004.

Fundinn sóttu:

Hrafnhildur Ásta Svanlaugsdóttir,
Sonja Bjarnadóttir,
Steinar Páll Magnússon,
Guðný Gréta Guðnadóttir,
Edda María Hagalín,
Pétur Sævald Hilmarsson,
Árni B. Stefánsson,
Björn Ólafsson,
Einar K. Stefánsson.

Á fundinum var lagt fram **frumvarp að stofnsamningi** fyrir hlutafélagið með **drögum að samþykktum** sem teljast hluti hans.

Frumvarpið var kynnt fundarmönnum. Það var síðan borið undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Þá fór fram **kosning í trúnaðarstöður** hjá félaginu:

Í **stjórn** félagsins náðu kjöri:

Árni B. Stefánsson, Kt. 300349-3239, Kambsvégi 10.

Björn Ólafsson, Kt. 241166-3259, Fiskakvísl 34.

Einar K. Stefánsson, Kt. 290765-5019, Reyrengi 47.

Sem **endurskoðendur/skoðunarmenn** voru kjörnir Pétur Sævald Hilmarsson en til vara Guðný Gréta Guðnadóttir.

Jafnframt mun Árni B. Stefánsson verða ráðinn **framkvæmdastjóri** með **prókúru**. Nýkjörinni stjórn var falið að **tilkynna** félagið til hlutafélagaskrár og útvega þau leyfi sem til þarf.

Fleiri mál voru ekki tekin fyrir.

Fundargerðin var lesin upp og hún staðfest en fundi síðan slitið.

Reykjavík, 31. janúar 2004.

SAMÞYKKTIR FYRIR Þríhnúka HF.

1. gr.

Félagið er hlutafélag og er **nafn** þess Þríhnúkar hf.

2. gr.

Heimilisfang félagsins er að Þríhnúkaskála á Bláfjallafólkvangi.

3. gr.

Tilgangur félagsins er almenn afþreyingarþjónusta á sviði ferðamála þar sem viðskiptavinurinn fær tækifæri til að fræðast um og skoða Þríhnúkagíg. Auk þess er rekstur móttökuskála og skyldur rekstur.

4. gr.

Hlutafé félagsins er kr. 4.000.000 -krónur fjórar milljónir. Hver **hlutur** er að fjárhæð kr. 10.000 -krónur tíu þúsund- að nafnverði.

5. gr.

Heimilt er að **hækka hlutafé** félagsins með ályktun hluthafafundar og þarf til sama magn atkvæða og til breytinga á samþykktum þessum. Hluthafar skulu hafa forgangsrétt að öllum nýjum hlutum í sínum eigin flokkum í hlutfalli við skráða hlutafjäreign sína. Hluthafafundur einn getur ákveðið **lækkun hlutafjár**.

6. gr.

Hlutabréf skulu **töluset** og hljóða á **nafn** viðkomandi hluthafa. Stjórn félagsins skal halda **hlutaskrá** samkvæmt lögum.

7. gr.

Eigendaskipti að hlutum í félaginu öðlast ekki gild gagnvart því fyrr en stjórn þess hefur verið tilkynnt um það skriflega.

Stjórn félagsins hefur **forkaupsrétt** fyrir félagsins hönd að fölum hlutum. Að félaginu frágengnu hafa hluthafar forkaupsrétt að hlutum í hlutfalli við hlutafjäreign sína. Verði ágreiningur um verð hluta skal það ákveðið með mati tveggja óvilhallra manna sem dómkvaddir skulu til þess starfa. Forkaupsréttarhafi hefur tveggja mánaða frest til að beita forkaupsrétti sínum og telst fresturinn frá tilkynningu til

